



Risastórt RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

23. apríl 2006 – 108. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Íslensku þýðingaverðlaunin afhent í dag.
Gauti Kristmannsson formaður Bandalags þýðenda og túlka ræðir um grósku í þýðingum.
MENNING 74

Vaxtaverkir
„Það eru vissulega rök fyrir því að mæla verðbólgu með húsnæði,“ segir Illugi Gunnarsson, „en það eru líka sterk rök fyrir því að gera það ekki. Það er því eðlilegt að spyrja hvort Seðlabankinn hafi farið of snemma af stað í vaxtahækkunir sínar og of hratt.“
Í DAG 12

Enginn glímuskjálfti
Kolbrún Ólafsdóttir hlakkar til að takast á við starf aðstoðarmanns heilbrigðisráðherra.
TÍMAMÓT 16

Fram með aðra hönd á titlinum
Framarar eru nálægt því að tryggja sér Íslandsmeistaratítlinn í handbolta en þeir þurfa aðeins að sigra eitt af botnliðum deildarinnar í lokaumferðinni. Fram vann sannfærandi sigur á HK í gær og er ekki annað hægt að segja en að Íslandsmeistarabragur hafi verið á liðinu.
ÍPRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG

VINDASAMUR DAGUR - Í dag verður sunnan 10-18 m/s, hvassast með ströndum. Rigning suðaustan til og skúrir eða slýdduél á Vesturlandi og Vestfjörðum. Bjart með köflum norðaustanlands. Hiti 3-7 stig þegar kemur fram á daginn.
VEÐUR 4

Litlu flokkarnir eru í sókn

Smærri flokkarnir þrír bæta við sig fylgi samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins, en fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar dalar aðeins. Samkvæmt könnuninni fengi Sjálfstæðisflokkur átta borgarfulltrúa og Samfylking fimm. Annar maður vinstri grænna og fyrsti maður Framsóknarflokks eru hnífjafnir.

SKOÐANAKÖNNUN Stuðningur við stóru flokkarnir tvo, Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu, dalar aðeins samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Aðrir flokkar bæta við sig fylgi.

Vinstri grænir bæta mestu við sig og eru líklegir til að ná tveimur fulltrúum kjörnum. Fylgi flokksins mælist nú 10,8 prósent en var 6,2 prósent í síðustu könnun. Árni Þór Sigurðsson, sem er annar á lista flokksins segir þetta sýna að flokkurinn er á uppleið og gefi þeim byr í seglin. „Við fórum vel undirbúin inn í kosningabaráttuna og höfum verið sýnileg. Við höfum haft frumkvæði í mörgum málum og erum búin að vera að vinna mjög vel. Það er að skila sér.“

Framsóknarflokkurinn bætir næst mestu við sig frá síðustu könnun og er líklegt að Björn Ingi Hrafnsson nái kjöri. Flokkurinn mælist nú með 5,4 prósentu fylgi. „Þetta er umtalsverð framför á okkar fylgi frá síðustu könnun, nánast tvöföldun, mér sýnist að við séum um það bil með einn mann inni“ sagði Björn Ingi Hrafnsson, oddviti lista Framsóknarflokksins. „Þetta er til marks um þann aukna meðbyr sem við frambjóðendur B-listans höfum fundið og erum við þó rétt að byrja baráttuna.“

Frjálslyndi flokkurinn bætir einnig við sig fylgi og mælist nú með 5,1 prósent. Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokks-

ins, segir könnunina sýna að flokkurinn sé í sókn. Meginátökin muni verða á milli Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins um að ná inn manni í borgarstjórn. „Það ætti að vera einstaklega ánægjulegt fyrir Reykvíkinga ef við, með okkar litla fjármagn, fáum meira fylgi en Framsóknarflokkurinn sem veit ekki aura sinna tal.“

Sjálfstæðisflokkurinn tapar mestu fylgi, eða 6,6 prósentum og mælist nú með 47,2 prósent fylgi. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir könnunina vera í samræmi við þann hug kjósenda sem flokkurinn finnur í borginni og að það sé greinilegt að borgarþúar vilji breytingar. „Þessi niðurstaða er einnig sérstaklega ánægjuleg í

ljósi þess að við höfum ekki lokið við að kynna stefnu okkar, en það munum við gera á næstu dögum.“

Samfylking mælist enn næst stærsti stjórnmálflokkurinn í borginni og mælist með 30,9 prósent fylgi. Það er 2,4 prósentu-stigum minna en í síðustu könnun. „Mér þykja þetta spennandi niðurstöður og við í Samfylkingunni eigum mikið inni,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar. „Það sem skiptir mestu máli er að þrátt fyrir að aðrir flokkar séu komnir lengra af stað í að auglýsa þá virðist Sjálfstæðisflokkurinn vera að missa vind úr seglum.“

- ss / sjá síðu 4



BESSASTAÐAGLÍMA Miklir kappar glímdu á Bessastöðum í gær en í tilefni 100 ára afmælis Íslandsglímunnar bauð Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti, glímumönnum til Bessastaða. Haldin var mikil glímusýning og eins og sjá má á myndinni gekk töluvert mikið á í stofunni á Bessastöðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dönsk gæludýr: Dekruð sem aldrei fyrr

DANMÖRK Sú var tíðin að eingöngu stórstjörnur á borð við Paris Hilton og Britney Spears gengu um með kjölturakka í rándýrum bleikum tískukjólum. En nú er svo komið að venjulegir Danir skreyta gæludýrin sín með ýmiss konar fylgihlutum, svo sem derhúfum, skartgripum, sérhönnuðum skóm og sólgleraugum.



Í KJÓL OG HVÍTU

Á seinustu átján mánuðum hafa fimm lúxusverslanir opnað í Danmörku sem selja fylgihluti ætlaða hundum og köttum, að því er fram kemur á fréttavef danska blaðsins Politiken. Þessi þróun er talin sýna að gæludýr skipta fólki meira máli en áður. Dýraverndunarsinnar segja hana hins vegar vera slæma fyrir dýrin, því eigendurnir hafi greinilega lítinn skilning á þörfum dýranna.
- smk

TAKIÐ EFTIR: PETTA DAGBLAÐ ER AÐEINS FYRIR FÓLK MEÐ BARTA

ÖBÍ kynnir nýja hugmyndafræði um eitt samfélag fyrir alla
Fylgstu með á næstu dögum!
ÖBÍ

Fréttablaðið er fimm ára í dag en blaðið kom fyrst út 23. apríl 2001:

Knúði fram samkeppni á fjölmiðlamarkaði

FRÉTTABLAÐIÐ Í dag eru fimm ár síðan fyrsta tölublað Fréttablaðsins kom út. Á þessum fimm árum hefur íslenskur fjölmiðlamarkaður gjörbreyst segir Birgir Guðmundsson, lektor við Háskólann á Akureyri, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Blaðið knúði fram raunverulega samkeppni á íslenskum fjölmiðlamarkaði að hans mati en áður en það kom til sögunnar var samkeppni lítil. Morgunblaðið og

DV skiptu á milli sín markaðnum, fyrir og eftir hádegi. Stöðugleiki ríkti sem Fréttablaðið raskaði.

Með Fréttablaðinu var kynnt til sögunnar nýtt rekstrarform fyrir dagblað. Fríblöð þekktust erlendis en þeim var ekki dreift í hvert hús eins og gert var frá upphafi með Fréttablaðið. Þessi hugmynd gekk upp og hefur haft mikil áhrif á íslenskan fjölmiðlamarkað „því ólíklegt er að Blaðið hefði komið fram nema vegna

þess hve vel virtist ganga hjá Fréttablaðinu. Sömuleiðis virðist þessi hugmynd nú ætla að hafa áhrif erlendis, þar sem hafinn eru undirbúningur blaðs á þessum grundvelli í Danmörku“, segir Birgir í grein sinni.

Fréttablaðið hefur verið mest lesna dagblaðið hér á landi síðan í mars 2003. Blaðið lesa tæp 90 prósent landsmanna í viku hverri en rúm 60 prósent lesa hvert tölublað að meðaltali.
Sjá síður 18-20

20.-24. apríl
Vor-útsala
15-50% AFSLÁTTUR af völdum vörum
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Talsmaður neytenda mælir gegn því að RÚV verði hlutafélag í umsögn sinni til Alþingis:

Sjálfs eignarstofnun í þágu neytenda

RÍKISÚTVARPIÐ í umsögn sinni um frumvarp um RÚV segist Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, telja að hagsmunum notenda útvarps í almannaþágu sé betur borgið með því að RÚV sé sjálfs eignarstofnun en hlutafélag.



„Notendur geta krafist fyrirtæki og opinberar stofnunar um upplýsingar samkvæmt upplýsingalögum og það má segja að fyrirtæki sem eru á markaði búi líka við ákveðið aðhald frá kaup-

hallarreglum. Þarna yrði RÚV hf. á gráu svæði, hvorki með aðhald ríkisrekstursins, sem upplýsinga- og stjórnsýslulög tryggja né aðhald markaðarins sem ákveðnar kauphallarreglur tryggja.“

Gísli telur að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemi markmið og óljóst sé hvort arðsemi eigi, samkvæmt frumvarpinu, að vera tilgangur RÚV framvegis. Í umsögn sinni óskar Gísli eftir að hugsanlegur viðskiptalegur arðsemistilgangur með RÚV verði skýrður betur og afmarkaður frá almannaþjónustuhlutverkinu.

Gísli segir ítarleg og skýr ákvæði um stjórnun og fjárhags-



RÚV RÚV yrði á gráu svæði í hlutafélagsformi, segir talsmaður neytenda.

legan aðskilnað um rekstur sjálfs eignarstofnana samrýmast vel þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í greinargerð til stuðnings vali á

rekstrarformi RÚV og sé því hentugt form fyrir rekstur sem hefur almannaþjónustu sem megintilgangur. Þar er arðsemi ekki rekstrar tilgangur heldur rennur hugsanlegur arður af starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar með til notenda þjónustunnar. Svo sé sjálfs eignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfs eignarstofnunar þegar hún er sett á fót.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra var erlendis og vildi ekki tjá sig um málið að svo stöðu. **sdg@frettabladid.is**



SPURNING DAGSINS

Gísli, fékkstu ekki að fara nógu oft inn á þing?

Jú, það voru engin vandamál með það. Fékk oft að fara á þing.

Gísli S. Einarsson lét af varaþingmennsku fyrir Samfylkinguna í vikunni og verður bæjarstjóraefni sjálfstæðismanna á Akranesi.

Kosningarnar á Ítalíu:

Öldungadeildarúrslit staðfest

ÍTALÍA, AP Áfrýjunardómstóll í Róm staðfesti í gær tveggja sæta meirihluta miðju-vinstribandalags Romanos Prodi í öldungadeild ítalska þingsins. Þar með var endanlega staðfest að Prodi hefði fengið lögformlegt umboð kjósenda til þess að mynda næstu ríkisstjórn.

Úrskurðinn þurfti vegna þess hve mjög var mjótt á muninum í þingkosningunum sem fram fóru 9. og 10. apríl. Enn fremur gerir úrskurðurinn Silvio Berlusconi, fráfaraandi forsætisráðherra, erfðara að halda því fram að væntanleg stjórn Prodis geti ekki annað en orðið skammlíf. **- aa**

Forvitnir ferðamenn:

Óhætt að skoða hlaupið

SKAFTÁRHLAUP Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Kirkjubæjarklaustri er ferðalöngum að mestu óhætt að fara að skoða hlaupið sem nú vex óðum í Skaftá. Þjóðvegurinn sé öllum opin og engin hættu fylgi því að fara fjölfarnar leiðir í kring um hann.

Hættulegt getur þó verið að fara nærri jöklinum en vegir þar eru hvort eð er lokaðir vegna ársfíðar. Lögreglan bendir þó sledamönnum og öðrum að vera ekki að þvælast í nágrenni við upptök hlaupsins vegna möguleika á brennisteinseitrun. ■

ATVINNULEYSI

Stéttarfélag. Efling-stéttarfélag mótmaelir því að með frumvarpi til laga um atvinnuleysisstryggingar, séu gerðar breytingarnar sem leiða til þess að samskipti stéttarfélaganna við atvinnulausa félagsmenn sína verði rofin. Efling skorar á Alþingi að koma í veg fyrir að þessi þáttur frumvarpsins nái fram að ganga.



HLAUPIÐ Í SKAFTÁ Eins og sjá má var gríðarmikið rennsli í Skaftánni um miðjan dag í gær. Aur og drulla kemur með hlaupinu og verður eftir í kring um ána þegar lækkar í henni. **FRÉTTABLAÐIÐ/SFG**

Von á stórhlaupi

Mjög mikill vöxtur er í hlaupinu í Skaftá. Búist er við stórhlaupi sem hefur ekki orðið frá árinu 1995 en hlaupið kemur á góðum tíma vegna þess hve lítið er í ánum. Engar teljandi skemmdir hafa orðið á mannvirkjum.

SKAFTÁRHLAUP Hlaup er hafið í Skaftá og ber það öll merki þess að verða stórt. Hlaupsins varð fyrst vart í byggð í gærmorgun og óx það mjög hratt þegar líða tók á daginn.

„Þessi hraði vöxtur er dæmigerður fyrir byrjun á stórhlaupi,“ segir Snorri Zóphóniasson, sérfræðingur á vatnamælingasviði Orkustofnunar. Hann segir að stórhlaup hafi ekki orðið í Skaftá síðan árið 1995 en búast má við því að rennsli árinna geti að hámarki farið upp í fimmtán hundruð rúmmetra á sekúndu. Líklegt er talið að hlaupið nái hámarki seinni partinn á morgun.

Klukkan átta í gærkvöldi sýndi mælirinn við Ása að rennsli hlaupsins væri komið yfir fjögur hundruð

rúmmetra. Enn fremur runnu þá um hundruð rúmmetrar við Kirkjubæjarklaustur. Erfitt er að segja til um nákvæma stærð hlaupsins því ekki næst samband við sjálfvirkan rennismæli við Sveinstind sem sem er í nágrenni jökulbrúnarinnar áður en áin kvíslast.

Vatn flæddi yfir veginn við Múla í Skaftárdal en lögreglan á Kirkjubæjarklaustri segir það ekki óvenjulegt í hlaupum. Lögreglan er einnig á varðbergi við veginn í Skaftártungu fyrir neðan bæinn Hvamm. Mikinn brennisteinsfnyk fór að leggja frá Skaftánni við Kirkjubæjarklaustur seinni partinn í gær en að sögn lögreglunnar hindraði lyktin þó ekki störf á Klaustri.

„Ég tók eftir því í morgun klukk-

an sex að það væri komið hlaup. Það hefur svo vaxið alveg óhemju mikið í dag,“ segir Gísli Halldór Magnússon, bóndi á Ytri Ásum. „Þetta kemur á góðum tíma því það var ekki mikið vatn fyrir í áni. Ef þetta hefði komið ofan í miklar leysingar hefði getað orðið enn meira vatn.“

„Héðan frá mér sé ég að mikið hefur vaxið í áni. Það er óvenjulegt hvað hún hefur vaxið hratt,“ segir Sigurgeir Ísleifsson á bænum Flögu. Engar áhyggjur sé að hafa af þróuninni, að minnsta kosti ekki á hans bæ. „Það er bara aur og drulla sem verður eftir þegar sjatnar í áni. En ef verður mikil aukning úr þessu flæðir eitthvað lengra og skemmir landið.“

annat@frettabladid.is

Bóndinn í Hvammi:

Áin svört að sjá

SKAFTÁRHLAUP „Hlaupið hefur vaxið ört í allan dag og er orðið æði hátt,“ segir Oddsteinn Kristjánsson, bóndi í Hvammi í Skaftártungu. Ef hlaupið heldur fram sem horfir segir hann líklegt að það verði stærra en fyrir tveimur og hálfu ári þegar síðasta hlaup kom en Oddsteinn telur ekki til hlaups „þessa smáskvettu“ sem kom síðasta sumar.

„Ég sé nú hérna út um gluggann hvornig áni líður. Þetta er hálfsvart að sjá og þar sem eru flúðir og fossar sýnist áin alveg dökk,“ segir Oddsteinn. Hvammsbúar eru heppnir með vindáttina og verða ekki varir við brennisteinslyktina sem angrar nágrenna þeirra. „Maður finnur enga lykt en á Klaustri er víst ógurleg stækja.“

Allt gengur sinn vanangang í Hvammi enda segir Oddsteinn enga ástæðu til að breyta daglegum störfum þegar hleypur í áni. „Það þýðir ekki því maður ræður ekkert við þetta.“



ODDSTEINN KRISTJÁNSSON OG SIGURRÓS ODDNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR Í HVAMMI Út um gluggann í Hvammi sést vel hvernig hlaupinu líður. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN**

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Björgum 19. aldar götumynd Laugavegarins.“

2 sæti

Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi



Samtökin 78 vilja að trúfélög fái heimild til að staðfesta samvist:

Áhrif biskups réðu úrslitum

JAFNRÉTTI Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna 78, er ánægð með frumvarp um réttarstöðu samkynhneigðra sem kveður meðal annars á um jafnan rétt til ættleiðinga og tæknifrjóvga en segir það vissulega vonbrigði að trúfélögum verði ekki veittur réttur til að staðfesta samvist samkynhneigðra. „Þetta er eina atriðið sem stendur eftir til að leiðrétta endanlega lagastöðu samkynhneigðra.“

Hrafnhildur telur sýnt að biskup Íslands hafi farið þess á leit við stjórnmalamenn að fá lengri tíma til að fara yfir þetta og segir slæmt að hann skuli geta haft þau áhrif að aðrir söfnuðir sem eru tilbúnir að stíga þetta skref séu ennþá að bíða.


Þjóðkirkjan hefur lýst yfir að málið verði tekið fyrir á Kirkju-

þingi árið 2007. „Mér finnst ákveðinn tvískinnungur felast í því að biðja um ár í viðbót þar sem biskup hefur greinilega gert upp hug sinn eins og kemur í ljós í orðaaðför hans gegn hommum og lesbíum.“

Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem stóð að nefndaráli allsherjarnefndar, hefur jafnframt lagt fram sérfrumvarp þar sem hún leggur til að trúfélög fái heimild til staðfesta samvist. Hún segist bjartsýn á að sú réttarbót sé handan við hornið. **- sdg**

HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR FORMÁÐUR SAMTAKANNA 78 Telur sambúðarréttindi stærstu réttarbótina sem felst í frumvarpinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**





HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



MANCHESTER VERÐ FRÁ 36.250* KR.

HELGARPAKKI

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

SÓKNARFÆRI Í MANCHESTER

Manchester er nýr áfangastaður Icelandair á Englandi, frábær ferðamannaborg sem sameinar verslun, skemmtun og fótbolta. Skammt frá eru margir af vinsælustu ferðamannastöðunum í ríki hennar hátignar og kjörið að aka um eitt fallegasta svæðið á Englandi.

SKEMMTUN OG TÓNLIST

Manchester er spennandi áfangastaður fyrir þá sem hafa áhuga á vandaðri tónlist og ekki er langt að fara til Bítlaborgarinnar Liverpool.

MANCHESTER-TÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ

Miðar fást í öllum verslunum Skifunnar og BT og á www.midi.is Upplifðu einstaka Manchester-stemningu undir tónum helstu rokkónlistarmanna borgarinnar.

Aðgöngumiði á tónleikana gæti fært þér ferð til Manchester í vinning.

Vildarpunktur

VISA

MasterCard Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 21.4.2006

Bandaríkjadalur	77,73	78,11
Sterlingspund	138,4	139,08
Evra	95,79	96,33
Dönsk króna	12,836	12,912
Norsk króna	12,228	12,3
Sænsk króna	10,294	10,354
Japansk jen	0,6629	0,6667
SDR	113,05	113,73

Gengisvísitala krónunnar

133,4757

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íran og Rússland:

Semja um auðgun úrans

ÍRAN, AP Erindreki Írans hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, IAEA, sagði í gær að stjórnvöld í Íran og Rússlandi hefðu náð „grundvallarsamkomulagi“ um að efna til samvinnu um auðgun úrans innan landamæra Rússlands.

Íranska ríkissjónvarpið hafði eftir Ali Asghar Soltanieh, fulltrúa Írans hjá IAEA, að slíku samkomulagi hefði verið náð. Aðeins væri eftir að útkljá tæknileg, lagaleg og fjárhagsleg útfærsluatriði. Soltanieh lét þessi ummæli falla þar sem hann var staddur á orkumálaráðstefnu í Moskvu. -aa

LÖGREGLUFRETTIR

Hraðakstur á Reykjanesbraut Tveir ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur á Reykjanesbraut á föstudagskvöldið. Annar ók á 144 kílómetra hraða og hinn á 132 kílómetra hraða. Annar var tekninn fyrir hraðakstur á Reykjanesbraut aðfararnótt laugardags og var sá mældur á 124 kílómetra hraða.

Tvær bílveltur Tveir bílar ultu í Vestur-Húnavatnssýslu í gær en mikið krap var á vegi, eljagangur og skáfrenningur. Fyrri bíllinn valt um klukkan tíu nálægt bænum Gröf en hinn skammt utan við bæinn Enniskot í Húnaþingi vestra. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi urðu engin slys á fólki og bílarnir voru lítið skemmdir.

Fjórir teknir fyrir hraðakstur

Lögreglan á Akureyri tók einn ökumann fyrir ölvunarakstur rétt fyrir hádegi á laugardag. Einnig voru fjórir teknir fyrir of hraðan akstur, tveir innanbæjar og tveir utanbæjar. Einn ökumannanna keyrði á 90 kílómetra hraða innanbæjar þar sem leyfilegur hámarks hraði er 50 kílómetrar á klukkustund.

Innbrot á Höfn Tveir menn brutust inn í bát við höfnina á Höfn í Hornafirði að morgni laugardags og stálu sex björgunargöllum. Mennirnir brutu rúðu í stýrihúsi bátsins til að komast inn. Málið er ekki upplýst að fullu en talið er að mennirnir hafi verið ölvaðir. Þeir gáfu lögreglunni á Höfn þá skýringu að þeir hefðu ætlað fá sér sundsprett í höfninni í göllumum.

Tugþúsundir mótmælenda sóttu að höllu Nepalkonungs í Katmandú:

Gyanendra hrópaður niður

NEPAL, AP Tugþúsundum mótmælenda lenti ítrekað saman við óeirðalögreglu í Katmandú, höfuðborg Nepals, í gær, er mótmælendur reyndu að komast upp að hliðum hallar Gyanendra konungs. Tugir manna særðust alvarlega í átökunum, að því er starfsmenn Rauða krossins greindu frá.

Átökin áttu sér stað daginn eftir að konungurinn reyndi að leysa þann hnút sem stjórnarmál landsins eru komin í með því að heita því að endurreisa fjölflokka-lýðræði í landinu og bjóða stjórnarandstöðuflokkunum að tilnefna nýjan forsætisráðherra. Leiðtogar stjórnarandstöðunnar og upp-



BARID Á MÓTMÆLENDUM Óeirðalögregla lætur högginn dynja á mótmælendum í grennd við konungshöllina í Katmandú í gær.

reisnarmenn maóista höfnuðu hins vegar öllum tilboðum konungsins og kröfðust afsagnar hans.

„Niður með Gyanendra! Út

með Gyanendra, út, út! hrópuðu mótmælendur í kór á götum Katmandú. Útgöngubann sem konungurinn fyrirskipaði í höfuðborginni var virt að vettugi.

-aa

Heimsmarkaðsverð á olíu:

Hækkaði enn í lok vikunnar

NEW YORK, AP Olíuverð á heimsmarkaði náði nýjum hæðum í vikulok, og endaði í rúmlega 75 Bandaríkjadöllum fatið er viðskiptum lauk í New York á föstudag.

Heimsmarkaðsverð er nú um 40 prósentum hærra en fyrir ári. Það hækkaði um 8,4 prósent í vikunni, sem er mesta hækking á einni viku frá því um miðjan júní í fyrra, þegar hækkingin var 9 prósent.

Að sögn markaðsrýna eru jafnvel líkur á að verð hækki enn frekar á næstunni vegna áhyggna manna af því að deila um kjarnorkuáætlan Írana muni trufla olíuútflutning frá Íran.

-aa

Fylgi stóru flokkanna dalar

Fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar dalar samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Aðrir flokkar bæta við sig. Fyrsti maður Framsóknar og annar maður vinstri grænna eru hnífjafnir inn í borgarstjórn. Þó að fylgi Sjálfstæðisflokks dali um tæp sjö prósentustig nær flokkurinn átta borgarfulltrúum.

SKOÐANAKÖNNUN Vinstri grænir, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn bæta allir við sig fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.


Allir stjórnarmálflokkar hafa nú kynnt stefnuskrá sína fyrir komandi borgarstjórnarkosningar og má segja að kosningabaráttan hafi fyrst hafist nú eftir páska.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkurinn og sögðust 47,2 prósent þeirra sem tóku afstöðu ætla að kjósa þann flokk. Í síðustu könnun blaðsins, sem gerð var 25. mars, var fylgi Sjálfstæðisflokksins 53,8 prósent og hefur fylgi því dalað um 6,6 prósentustig. Fylgi flokksins dalar meira hjá körlum en konum, en 49 prósent karla segjast nú myndu kjósa flokkinn, en var 56,2 prósent. 45 prósent kvenna segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Ef þetta yrðu úrslit kosninga myndi Sjálfstæðisflokkur ná meirihluta í borginni með átta borgarfulltrúum. Samkvæmt því myndi Sif Sigfúsdóttir verða kjörin sem borgarfulltrúi, en ekki Bolli Thoroddssen, sem samkvæmt könnun blaðsins í mars hefði þá náð inn.

Samfylking er annar stærsti flokkurinn í borginni samkvæmt þessari könnun, með fylgi 30,9 prósent þeirra sem tóku afstöðu. Fylgi flokksins dalar um 2,4 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins, þegar það var 33,3 prósent. Það dugur Samfylkingu til að fá fimm fulltrúa kjörna í borgarstjórn. Oddný Sturludóttir yrði því síðasti maður inn í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna.

Vinstri grænir bæta flestum prósentustigum við sig og fá nú stuðning 10,8 prósent þeirra sem hafa gert upp við sig hvaða flokk



þeir vilja kjósa. Í síðustu könnun blaðsins var flokkurinn með 6,2 prósentu stuðning. Fylgi flokksins hefur því aukist um 4,6 prósentustig milli kannana.

Samkvæmt þessari könnun eru vinstri grænir öruggir inn með einn fulltrúa, Svandís Svavarsdóttir, en jafnt er milli annars manns vinstri grænna og fyrsta manns Framsóknarflokksins. Fimmtándi borgarfulltrúinn yrði því annað hvort Árni Þór Sigurðsson eða Björn Ingi Hrafnsson.

Framsóknarflokkur tæplega tvöfaldar fylgi sitt frá síðustu könnun blaðsins og mælist fylgi hans nú 5,4 prósent. Í síðustu könnun sögðust þrjú prósent myndu kjósa flokkinn og hefur

fylgi við flokkinn því aukist um 2,4 prósentustig milli kannana. Samkvæmt þessu er möguleiki að Framsókn nái inn sínum fyrsta manni, Birni Inga Hrafnssyni, en ómögulegt er að segja hvort sætið falli til Framsóknar eða vinstri grænna. Fleiri konur velja Framsóknarflokkinn nú en karlar. Fjögur prósent kvenna segjast nú myndu kjósa flokkinn, en í síðustu könnun voru það 0,6 prósent. 6,7 prósent karla segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn nú, en í síðustu könnun voru það 4,8 prósent.

Frjálslyndi flokkurinn bætir við sig tæplega tveimur prósentum milli kannana og mælist nú með stuðning 5,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu. Í síðustu könnun

mældist flokkurinn með 3,5 prósent. Frjálslyndi flokkurinn er því aftur orðinn minnsti flokkurinn í Reykjavík, eftir að hafa hoppað upp fyrir Framsóknarflokkinn í síðustu könnun blaðsins. Ólafur F. Magnússon myndi því ekki ná kjöri sem borgarfulltrúi samkvæmt þessari skoðanakönnun.

Hringt var í 600 Reykvíkinga þann 22. apríl og skiptust svarendur jafnt á milli kynja. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 61,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar, sem er nánast sama svarhlutfall og í síðustu könnun þegar 61,8 prósent aðspurðra tóku afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

MIÓLKURVÖRUR Í SERFLOKKI

Sykurskert Kókómjólk er helmingi léttari!

Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.

Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.

Nýjung!

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLYINDI
Stíf suðlæg átt er í kortum dagsins með þökkalegum hlyindum og vætu sunnan og vestan til. Reyndar sýnist mér á öllu að þegar kemur fram á morguninn verði úrkomulaust að mestu suðvestan til. Þetta meinta sumar sem boðað var á dagatalinu á fimmtudaginn byrjar því með nokkuð rýsjóttu veðri.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Sunnan eða suðvestan 8-13 m/s. Dáltil væta með morgninum en síðan úrkomulítið eða úrkomulaust. Hiti 3-5 stíg í dag.

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	London	13°C skúrir	Torreveja	21°C skýjað
Billund	11°C hálfskýjað	Paris	18°C skýjað	Róm	17°C hálfskýjað
Oslo	6°C skýjað/skúr	Frankfurt	13°C skýjað	New York	16°C skúrir
Stokkhólmur	7°C hálfskýjað	Madrid	18°C léttskýjað	San Francisco	16°C hálfskýjað
Helsinki	7°C hálfskýjað	Barcelona	18°C skýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Brot af því besta á Listahátíð

Miðasalan í fullum gangi á www.listahatid.is

Miðasalan í Bankastræti 2 opnar 2. maí


„Undraverðar mjaðmahreyfingar”

– New York Times

Grupo Gorpo - langvinsælasti dansflokkur S-Ameríku í dag
Borgarleikhúsinu 12., 13. og 14. maí.
Miðaverð: 3.500 kr.

Örfá sæti laus 12. maí

Síminn



„Tónlistaruppgötvun ársins”

– í Frakklandi

Motion Trio
– stórskemmtilegt pólskt harmónikkuband

Nasa 13. og 14. maí.
Miðaverð: 3.000 kr.

SIJÓVÁ



Örfá sæti laus!

„Einn áhrifamesti flutningur sem ég hef orðið vitni að”

– The Guardian

Miriam Makeba – Grand Finale
Laugardalshöll 20. maí.
Miðaverð: 5.500 / 5.000 kr.

GLITNIR

Ástsælustu söngvarar þjóðarinnar og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Flytja Le Pays/Föðurlandið

Í portí Hafnarhússins 26. og 27. maí.
Miðaverð: 3.900 kr.

Alfesca



„Ógleymanleg lífsreynsla”

– The Guardian

Enski sönghópurinn I Fagiolini flytur gleðileik og madrigala

Sögumaður: Hilmir Snær Guðnason
Íslensku óperunni 25., 26. og 28. maí
Eskifirði 27. maí
Miðaverð: 3.200 kr.

Landsbankinn



Búlgarski kvennakórinn Angelite

Hallgrímskirkju 20. og 21. maí.
Miðaverð: 2.800 kr.

samson

„Kemst næst því að hlýða á englasöng á jörðu niðri”

– Time out



Caput hópurinn og Stina Ekblad

Frumflytja stórvirkið Tár Dýónísusar.
Háskólalíói 17. maí. Miðaverð: 2.500 kr.



Mögnuð miðnæturmúsík

Vorvindar, Díván og djassmaðurinn og Benni Hemm Hemm – stórhljómsveit.
Íðnó 13., 20. og 27. maí. Miðaverð: 2.500 kr.



Einn albesti djasspíanisti samtímans

Anders Widmark og tríó flytja úr Carmen.
Nasa 1. og 2. júní. Miðaverð: 3.000 kr.

BAUGUR GROUP

Kammersveit Reykjavíkur – Mozart 250 ára

Ásamt Einari Jóhannessyni klarinettuleikara, Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara og Víkingi Ólafssyni pínaðleikara. Langholtskirkju 21. maí.
Miðaverð: 2.500 kr.

Sunnudagsmorgnar með Schumann

Fimm íslenskir píanóleikarar úr fremstu röð leika nokkur af þekktustu píanóverkum Schumanns á þrennum tónleikum.
Ými 14., 21. og 28. maí. Miðaverð: 2.300 kr.

Einn vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna

Á A Prairie Home Companion hlýða milljónir manna í hverri viku. Uptaka með íslenskum listamönnum.
Þjóðleikhúsinu 16. maí. Miðaverð: 2.800 kr.

Rússibanatónleikar

Líflegur flutningur og tónlist úr öllum áttum.
Gestasöngvari: Kolbeinn Ketilsson.
Íslensku óperunni 23. maí. Miðaverð: 2.500 kr.



Dagskrárbæklingur Listahátíðar liggur frammi á eftirfarandi stöðum:

Útibúum KB-banka
Kringlunni
Smáralind
Listasöfnun
Bókasöfnun

Sjá allt um viðburði Listahátíðar á www.listahatid.is

Einnig er hægt að kaupa miða í síma 5528588 á milli kl. 10-12 alla virka daga

Listahátíð í Reykjavík

2016
hátíðin

12. MAÍ – 2. JÚNÍ



KJÖRKASSI

Ætlaðu að eyða sumarleyfinu í útlöndum?

Já	42,9
Nei	57,1

Myndir þú kjósa þjóðernisflokk?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Bandaríkjaforseti tjáir sig um aðdraganda Íraksstríðsins:

Ráðlagði Blair að hætta við

LUNDÚNIR, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti tjáði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, rétt fyrir upphaf innrásarinnar í Írak fyrir rúmum þremur árum, að hann ætti frekar að hætta við þátttöku Breta í innrásinni en að hætta á fall ríkisstjórnar sinnar. Þetta kemur í viðtali við Bandaríkjaforseta sem Lundúnablaðið Daily Telegraph birti í gær.

George W. Bush sagðist hafa stungið upp á þessu í símatali við Tony Blair, er sá síðarnefndi stóð frammi fyrir því að fjöldi þingmanna Verkamannaflokksins setti sig upp á móti innrás



BANDAMENNIRNIR BLAIR OG BUSH Blair kaus að sögn Bush að hætta frekar á að tapa völdum heima fyrir en hætta við þátttöku í innrásinni. NORDICPHOTOS/AFP

kæmi ekki til ný ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

„En þá sagði hann [Blair] við mig,“ hefur Daily Telegraph eftir Bush, „ég verð með, jafnvel þótt það kunni að kosta mig völdin.“

Neðri deild breska þingsins studdi ákvörðun Blairs um að taka þátt í innrásinni. Mikill meirihluti bresks almennings var hins vegar á móti henni og málið skaðaði Blair verulega heima fyrir.

Talsmenn Tony Blairs vildu að svo stöddu ekkert tjá sig um þessi ummæli Bandaríkjaforseta í gær.

- aa

Innflytjendur í Danmörku:

Fleiri taka þátt í atvinnulífi

DANMÖRK. Hlutfall innflytjenda sem eru virkir á vinnumarkaði í Danmörku hefur aukist síðustu ár. Tæplega helmingur innflytjenda, sem ekki er með vestrænan bakgrunn, er nú á vinnumarkaðnum, en fyrir níu árum var hlutfallið þrjátíu og fjögur prósent.

Ennþá er töluverður munur á atvinnuþátttöku Dana og þessa hóps innflytjenda því samkvæmt frétt Politiken í gær eru þrjár af hverju fjórum Dönum með vinnu. Þar kemur líka fram að lítið atvinnuleysi í landinu skýri að hluta til aukninguna. ■



ÁSAMT LJÚDMÍLU PÚTÍN Cherie Blair með forsætisráðherrafrú Rússlands í Moskvu-heimsókn árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breski Verkamannaflokkurinn:

Hárgreiðslan kostaði stórfé

BRETLAND, AP Meðan kosningabaráttan stóð yfir í Bretlandi á síðasta ári greiddi Verkamannaflokkurinn jafnvirði um einnar milljónar króna fyrir hárgreiðslu á Cherie Blair, eiginkonu forsætisráðherra. Frá þessu skýrði breska dagblaðið The Times.

„Og hvað með það?“ sagði talsmaður Verkamannaflokksins á föstudag, en vildi þó ekki staðfesta fréttina. „Frú Blair vann af frábærum krafti í kosningabaráttunni. Hún er gífurlega vinsæl í flokknum, og ekki gleyma því að við sigruðum.“ - gb

ATVINNULEYSI

Stéttarfélag. Efling-stéttarfélag mótmælir því að með frumvarpi til laga um atvinnuleysisstryggingar, séu gerðar breytingarnar sem leiða til þess að samskipti stéttarfélaganna við atvinnulausa félagsmenn sína verði rofin. Efling skorar á Alþingi að koma í veg fyrir að þessi þáttur frumvarpsins ná fram að ganga.

Fyrirverandi CIA-maður:

Vitneskju hagrætt fyrir stríð

BANDARÍKIN, AP Fyrirverandi yfirmaður aðgerða bandarísku leyniþjónustunnar CIA í Evrópu sakar ráðamenn í Hvíta húsinu um að hafa stungið undir stól upplýsingum frá leyniþjónustunni um að engin gereyðingarvopn væru í Írak; strax haustið 2002 hafi verið ákveðið að ráðast inn í Írak.

„Stefnan var mörkuð. Stríðið í Írak var í uppsiglingu og þeir [ráðamenn í Hvíta húsinu] voru að leita eftir leyniþjónustuupplýsingum sem féllu að þeirri stefnu,“ segir Tyler Drumheller í fréttaskýringabættinum 60 mínútur sem sendur verður út í kvöld. - aa

Neyddur frá borði:

Fannst einn á reki á fleka

DANMÖRK Norskt flutningaskip sigldi í fyrradag fram á léttklæddan mann á fleka á sjónum milli Noregs og Danmerkur. Í fyrstu vildi maðurinn ekki segja til nafns en við yfirheyrslu kom í ljós að hann er tæplega fimmtugur Suður-Afríkubúi. Haft er eftir skipstjóra skipsins sem fann manninn að hann hafi sagst hafa verið um borð í ensku skipi þegar hann var neyddur út á flekanum. Maðurinn hefur ekki viljað staðfesta þá sögu við lögreglu og segist hafa verið á flekanum í fjóra daga. - ks

Al-Maliki falið að mynda stjórn í Írak

Íraksþing kom saman í gær og kaus í nokkrar helstu valdastöður, eftir að þattstaðan um myndun nýrrar ríkisstjórnar leystist í kjölfar ákvörðunar al-Jaafari fráfarandi forsætisráðherra að sækjast ekki eftir því að fara fyrir væntanlegri þjóðstjórn.

ÍRAK, AP Jalal Talabani, forseti Íraks, fól í gær Jawad al-Maliki formlega að annast myndun nýrrar ríkisstjórnar. Írakska þingið kom í gær saman til að hleypa af stað nýju pólitísku sátttaferli, með það að markmiði að lægja öldurnar og græða sár í samskiptum ólíkra trúar- og þjóðernishópa í landinu.

Með því að þingið kom loks saman og fundið er forsætisráðherraefni sem allar helstu fylkingar geta stutt, er stórum áfanga náð eftir margra mánaða þattstöðu í stjórnarmyndunarumleitunum og sívaxandi átök milli fylkinga sjía-múslima, súnní-araba og Kúrda sem jafnvel stefndu í að verða að hömlulausu borgarastríði. Al-Maliki hefur nú þrjátíu daga til að koma saman ríkisstjórn og fá hana samþykka af þinginu.

Þingið endurkaus Talabani forseta, en hann er Kúrði. Súnní-arabinn Mahmoud al-Mashhadani var kjörinn þingforseti. Varaforsetar verða sjúinn Khalid al-Attiah og Kúrdinn Aref Tayfour.

Fyrsta embættisverk Talabanis eftir endurkjörið var að fela al-Maliki stjórnarmyndunarumboðið, en hann var tilnefndur af flokkabandalagi sjía-múslima eftir að Ibrahim al-Jaafari, frá-



SÁTTIR FORINGJAR Jalal Talabani, nýendurkjörinn Íraksforseti, og forsætisráðherraefnið Jawad al-Maliki heilsast á Íraksþingi í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

farandi forsætisráðherra, lét undan kröfum um að hann véki. Viðleitni al-Jaafaris til að verða áfram forsætisráðherra á hinu nýhafna kjörtímabili Íraksþings höfðu hleypt illu blóði í marga súnní-araba og Kúrda og valdið því að tilraunir til myndunar þjóðstjórnar stóðu í stað síðustu mánuði.

Vonir eru bundnar við að þjóðstjórn sjía, súnnía og Kúrda muni verða fær um að koma böndum á uppreisnina sem skæruliðar úr röðum súnnía eru virkastir í, og stilla til friðar í þeim átökum sjía og súnnía sem geisad hafa síðustu mánuði. Takist það vonast Bandaríkjamenn til að geta kallað herlið sitt heim frá Írak. - aa

Íslenskar verksmiðjur gagnrýndar fyrir að greiða of lágt verð til sjómanna:

Tap á grásleppuveiðum

SJÁVARÚTVEGUR Verð sem íslenskar verksmiðjur greiða fyrir grásleppuhrogn er of lágt til að standa undir veiðunum. Þetta segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda sem gagnrýnir íslensku verksmiðjurnar fyrir að greiða ekki heimsmarkaðsverð til sjómanna.

„Við höfum hvatt okkar veiðimenn til að selja grásleppuhrognin fyrir ekki minna en fjörutíu og átta þúsund krónur á tunnuna. Þessar þrjár íslensku verksmiðjur, Vignir Jónsson, ORA og Fram Foods eru tilbúnar að borga frá 31 þúsund upp í fjörutíu þúsund fyrir tunnuna,“ segir Örn. Hann hefur áhyggjur af afleiðingum þess að sjómenn taki þessu lága verði sem þeim er boðið. „Hærra verð er forsenda fyrir því að hægt sé að stuðla að herra heimsmarkaðsverði. Verðið sem íslensku verksmiðjurnar bjóða hefur líka leitt til þess að þátttaka í veiðum er í algjöru lágmarki.“

Hvatning til veiðimanna um að taka ekki boðum undir heimsmarkaðsverði hefur einnig komið frá Siglufirði þar sem söluaðili erlendis kaupir allt sem veiðist



SMÁBÁTAR AÐ VEIÐUM Að sögn Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra Landssambands smábátæigenda, borgar sig ekki fyrir veiðimenn að halda á grásleppuveiðar fyrir verðið sem íslenskar verksmiðjur bjóða þeim fyrir hrognin. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

fyrir 525 evrur á tunnuna. „Siglufirðingar eru fyrirmynd annarra veiðimanna hér á Íslandi,“ segir Örn. Forsvarsfólk íslensku verk-

smiðjanna þriggja, Vignis Jónssonar á Akranesi, ORA og Fram Foods, vildu ekkert tjá sig um málið í gær. annat@frettabladid.is

Innri friður – Innri styrkur

Sjálfsþving – lífstíll til framtíðar

Helgarnámskeið verða haldin í náttúruvænu og heimilislegu umhverfi að Fögruhlíð í Fljótshlíð.



Helstu markmið eru að:

- Byggja upp grunnundirstöðu í sjálfspökkingu
- Auka innri styrk
- Efla samskiptahæfni
- Kynnast mætti fyrirgefningar og kærleikans í samskiptum
- Læra að leysa árekstra með lausnarmiðaðri sýn
- Upplifa áhrifamátt kyrrðar og hugarróar
- Kveðja „það líðna“ með jákvæðu hugarfari
- Læra að lífa „í Núinu“

Leiðbeinandi er:



Bergþóra Reynisdóttir, geðhjúkrunarfræðingur MSc

Eftirfylgd

Þátttakendum er boðið upp á mánaðarlega fundi í Kópavogi, í þrjú skipti eftir námskeiðið.

Styrkir

V.R. ásamt fleiri stéttarfélagum, styrkir félagsmenn til þátttöku á námskeiðinu.

„Ég hef farið á mörg sjálfstyrkingarnámskeið en þetta námskeið hefur tekið hvað best á því hvað maður sjálfur er mikilvægur í að skapa og hlúa að eigin vellíðan, bæði í einkalífi og í starfi.“ **Lilja E**

Nánari upplýsingar á www.liljan.is og í síma 8636669.

Helgar í boði:
12. - 14. maí, konur
9. - 11. júní, konur



PICTO/SIA

Fljótsdalshérað – hvergi annars staðar



fljotsdalsherad.is



- Íbúafjöldi 3.900
- Viðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðrparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

Egilsstaðir
Fellabær
Eiðar
Hallormsstaður
Brúarás

Ef þú ert að leita að stað þar sem stórbrotin náttúra er innan seilingar, þar sem veðursældin er margrómuð, þar sem kraftur er í menningarlífinu og uppgangur í atvinnulífinu, þar sem menntunarmöguleikar eru fjölbreyttir, samgöngur og þjónusta eins og best gerist ... þá finnur þú þig á Fljótsdalshéraði, hvergi annars staðar.

**NAVISON
SMALL BUSINESS**

Fjárfesting til framtíðar



**Pú þarft að
þekkja eigin rekstur
til að geta keppt við aðra**

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókshald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinnar
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður
fyrir því að þú ættir að velja
NAVISON SMALL BUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver aukantandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtakerfi	40.000.-
- Verkbókshald	40.000.-

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

www.maritech.is

Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil Lokagjaldagi	Árgreiðslumiði nafverð	Innlausnarverð*
1995 1.fl. B 10 ár	2.5.2006	kr. 50.000	kr. 73.291
1995 1.fl. B 10 ár	2.5.2006	kr. 100.000	kr. 146.582
1995 1.fl. B 10 ár	2.5.2006	kr. 1.000.000	kr. 1.465.824

* Innlausnarverð er höfuðstóll og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram hjá Lánasýslu ríkisins, Borgartúni 21, 2. hæð, hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 Reykjavík, og bönkum og spariskírteinum um land allt.

Reykjavík, 22. apríl 2006



FRÉTTABLAÐIÐ

**AUGLÝSINGASÍMI
550 5000**

Fjórðungur Breta íhugar að kjósa þjóðernisflokk:

Óánægja með flokka

BRETLAND Óánægja með ráðandi stjórnmalaflokka hefur valdið því að allt að fjórðungur breskra kjósenda íhugar að kjósa Breska þjóðernisflokkinn, BNP, en eitt aðalbaráttumál þessa jaðarflokks á hægri vængnum er að stöðva straum innflytjenda til Bretlands. Þessar eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var á vegum Joseph Rowntree Charitable Trust, stofnunar sem veitir fé til ýmissa verkefna í félagsmálum í Bretlandi.

Í rannsóknarskýrslunni er greint frá því að allt að 25 prósent breskra kjósenda segi það koma til greina fyrir sig að kjósa BNP.

Fréttavefur breska ríkisút-

varpsins BBC hefur eftir talsmanni BNP að niðurstöður skýrslunnar endurspegluðu „spennu“ í röðum kjósenda vegna fjölmenningsamfélagsins svonefnda.

En Andy Burnham, talsmaður breska innanríkisráðuneytisins, sagðist telja stuðninginn við BNP mjög bundinn við einstök kjördæmi, og hann væri að sínu viti að miklu leyti óánægjufylgi.

En skýrslan endurómar þann ótta sem atvinnumálaráðherra Margaret Hodge hefur lýst af því að allmargir kjósendur kynnu að freistast til að kjósa BNP í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara í Englandi í maí.

- aa



STEFNUMÓTUN Í INNFLYTJENDAMÁLUM Stjórnmalamennirnir taka lítt undir það að stefnumótun vanti í innflytjendamálum. Hentar gæti víða, til dæmis í löggjöfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lítill hætta á rasistaflokk

Fulltrúar stjórnmalaflokka telja innflytjendamál í ágætum farvegi hér á landi og óttast ekki að þjóðernissinnaður stjórnmalaflokkur fái stuðning.

INNFLYTJENDAMÁL Stjórnmalamenn telja að litla hætta á að þjóðernissinnaður stjórnmalaflokkur fái hljómgrunn meðal þjóðarinnar. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, óttast ekki gettómýndun og telur að það sé enginn grundvöllur fyrir stjórnmalaflokk. Hún segir að málefni innflytjenda séu alltaf til umræðu og stefnumótunar gæti á ýmsum stöðum í löggjöfinni.

„Ég veit ekki hvað menn eiga við þegar þeir tala um stefnuleysi í innflytjendamálum. Ég veit ekki hvort það er hægt segja að það sé stefnuleysi þegar menn móta ýmis mál í löggjöfinni þó að það sé ekki með stórum og digrum yfirlýsingum. Þetta eru almennar yfirlýsingar um að við viljum taka vel á móti því fólki sem vill búa með okkur.“

„Það eru gagnkvæmir hagsmunir í því að fólk fái fræðslu og geti talað tungumálið og það er ákveðin hætta á gettómum og einangrun ef fólk flytur hingað og fær ekki fræðslu um tungumálið, menningu og samfélagið. Ég held að menn þurfi að taka þetta mál upp og gera það án fordóma og án þess að vera stimplaðir „rasistar“. Mér hefur stundum fundist keimur af því,“ sagði Magnús Stefánsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, telur ekki óeðlilegt að fólk leiti saman sem eigi sameiginlegt þjóðerni og menningu. Ekkert slæmt þurfi að vera við það ef fólkíð einangrast ekki. „Það þarf líka gæta að því að hlutfall nýbúabarna í skólum og leikskólum fari ekki yfir ákveðið mark og að það sé



ÓÁNÆGJUFYLG Nick Griffin, leiðtogi BNP, flokks breskra þjóðernissinna. Eins og fram kemur í frétt hér á síðunni getur fjórðungur breskra kjósenda hugsað sér að styðja flokk hans. NORDICPHOTOS/AFP

sæmilega góð blöndun í skólum og leikskólum.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri-grænna, telur Íslendinga þurfa á öllu öðru að halda en að stofna sérstakan stjórnmalaflokk til að ala á andúð og óvild í garð útlendinga. „Það væri sorgardagur á Íslandi ef slíkt gerðist,“ segir hann.

„Á Íslandi eiga innflytjendavandamál sér ekki nokkra hliðstæðu við það sem má sjá í Noregi. Ég sé ekki að þetta sé neitt vandamál hér. Útlendingar standa sig vel hérna og hafa komið með margt gott inn í íslenskt samfélag. Ég sé enga þörf fyrir að stofna sérstakt framboð erlendra ríkisborgara,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, formaður þingflokks frjálslyndra. ghs@frettabladid.is

TIL HVERS AÐ FÁ LÁNAÐ?

ÞÚ FÆRÐ
GÆÐA GRILL
Á LÆGRA
VERÐI Í BYKO

ÞAÐ VÆRI BETRA AÐ EIGA GRILL SEM VIRKAR



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



AF EVRÓPUVETTANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

„.eu“ og framþróun innri markaðarins

Nú fyrir helgina hittust í Graz í Austurríki ráðherrar samkeppnismála frá Evrópusambandslöndunum 25. Meðal þess helzta á dagskrá þess fundar var hvernig draga mætti frekar úr opinberum stuðningi við atvinnulíf og ná betri samstöðu um það hvers konar opinber stuðningur væri réttlætlanlegur og hver ekki. Allt í nafni þess að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins á innri markaði Evrópu.

Eins og kunnugt er setti Evrópusambandið sér um aldamótin að verða „samkeppnishæfasta efnahagssvæði heims“ árið 2010. Þessi áætlun er almennt kölluð Lissabon-ferlið, en Ísland og hin EFTA-ríkin í EES, Noregur og Liechtenstein, eru aukaaðilar að henni. Er skemmt frá því að segja að ESB-löndin eru langt frá því að ná þessu metnaðarfulla markmiði, nú þegar tekið er að líða á síðari helming áratugarins.

Veflénið „.eu“, sem fjallað er um hér á síðunni, er til komið sem liður í viðleitni Evrópusambandsins til að verða framsæknara, nútímalegra og skilvirkara efnahagssvæði. Markmiðið með stofnun nýja .eu-lénsins er ekki sízt að ýta undir netverzlun og auðvelda þar



með einnig almennum neytendum að stunda verzlun yfir landamæri á innri markaði Evrópu.

Með tilliti til þess að í upphafsgrein samningsins um Evrópska efnahagssvæðið stendur að „markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði,“ skýtur það skökku við að framkvæmdastjórn ESB hefur meinað íslenskum, norskum og liechtensteinskum fyrirtækjum og einstaklingum að taka þátt í þessum þætti framþróunar innri markaðarins.

Að framkvæmdastjórnin skyldi taka þessa afstöðu eru vonbrigði fyrir þá sem vilja að EES-samningurinn verði áfram það skilvirka tæki til þátttöku í innri markaðnum sem hann hefur reynzt til þessa. Full ástæða er til að efast um að framkvæmdastjórnin hefði tekið sömu afstöðu ef innan EFTA-stoðar EES væru ennþá ríki eins og Svíþjóð og Austurríki, sem gengu úr EES í ESB árið 1995.

Úlfarsárdalur – nýtt hverfi í mótn



ÚLFARSÁRDALUR

Lóðir fyrir 10 einbýlishús – útboð á byggingarrétti

Úlfarsárdalur er nýtt íbúðahverfi sunnan undir Úlfarsfelli í Reykjavík. Skipulag þess gerir ráð fyrir þéttari byggð, þar sem blandast saman íbúðabyggð og atvinnustarfsemi, sem þrífst í nánd við íbúðahverfi, og gefur möguleika á vistvænni byggð sem nýtir til fullnustu náttúrulega kosti svæðisins.

Fyrsti hluti fyrirhugaðs hverfis hefur verið deiliskipulagður og verður í honum byggð með liðlega 900 íbúðum auk möguleika á nokkru atvinnuhúsnæði. Ennfremur verða þar grunnskóli, leikskóli og önnur þjónusta, en megin verslunarmiðstöð hverfisins alls verður við Leirtjörn. Bygðin er umlukin vinsælum útivistarsvæðum. Í suðri er Úlfarsá og handan hennar Grafarholtshverfið, í austri teygir Úlfarsárdalur sig í átt að Hafravatni, í vestri er útsýni til sjávar og í norðri er Úlfarsfell. Gert er ráð fyrir að lóðir í fyrsta áfanga verði byggingarhæfar í nóvember 2006.

Reykjavíkurborg auglýsir eftir kauptilboðum í byggingarrétt fyrir 10 einbýlishús við Gefjunarbrunn og lðunnarbrunn.

Útboðsskilmálar, tilboðseyðublað, deiliskipulagsskilmálar og almennir lóðaskilmálar verða afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs í Skúlatúni 2. Þessi gögn fást endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 2.500 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vefsvæði Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs, undir málaflokknum *lóðir*. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 8000. Brýnt er fyrir bjóðendum að kynna sér vel alla þessa skilmála.

Einstaklingar (ekki lögaðilar) geta gert kauptilboð í framangreindan byggingarrétt. Tilboðum skal skila í lokuðum umslögum, merktum „Úlfarsárdalur – kauptilboð“, til Framkvæmdasviðs fyrir kl. 16.15 fimmtudaginn 4. maí nk. Tilboðum verður veitt móttaka í þjónustuveri Framkvæmdasviðs gegn greiðslu tilboðstryggingar, 250.000 kr. vegna hvers bjóðanda. Tilboðin verða opnuð 4. maí kl. 17:00 í Skúlatúni 2, 5. hæð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Munið að skila kauptilboðum fyrir kl. 16.15 fimmtudaginn 4. maí nk.

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs



AÐEINS FYRIR ESB-BORGARA Viviane Reding, sem fer með málefni upplýsingasamfélagsins og fjölmiðlunar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ljómaði er opnað var fyrir almenna skráningu .eu-veflna þann 7. apríl. Framkvæmdastjórnin hefur hins vegar meinað borgurum EES-ríkanna Íslands, Noregs og Liechtenstein að sækja um .eu-skráningu.

NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingar útilokaðir frá „.eu“

Föstudaginn 7. apríl var opnað fyrir umsóknir einstaklinga með lögheimili í aðildarríkjum Evrópusambandsins um skráningu veffangs með endingunni „.eu“. Á fyrstu dögnum bárust Eurid-stofnuninni, sem annast .eu-lénsskráningar, mörg hundruð þúsund umsóknir á dag. Nú fyrir helgina var heildarfjöldi umsókna kominn hátt í tvær milljónir. Þótt Ísland sé aðili að innri markaði Evrópu í gegnum EES-samninginn eru Íslendingar útilokaðir frá .eu-skráningu.

Fastlega er búist við því að .eu-veflenið verði innan skamms eitt það mest notaða í Evrópu og fyrir viðskipti á netinu sennilega það næstmikilvægasta á eftir .com. Það er nú þegar orðið fjórða mest notaða veflén Evrópu á eftir hinu þýska .de, hinu breska .uk og hinu hollenska .nl.

Fyrstur kemur, fyrstur fær

Skráning á .eu-lénum fyrirtækja í Evrópusambandinu hófst 7. desember síðastliðinn. Fyrstu fjórir mánuðirnir voru svonefnt „sólurupprásartímabil“ þar sem tekið var við umsóknum frá réttihöfum vörumerkja og skráðum fyrirtækjum um vefköng á borð við „www.ferrari.eu“ eða „www.iceland.eu“, samkvæmt reglunni „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Síðan 7. apríl er hins vegar öllum einstaklingum og lögaðilum með lögheimili og varnarþing í ESB-ríki frjálst að sækja um .eu-veffang, einnig samkvæmt reglunni „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Íslensk fyrirtæki eiga þess ekki kost að sækja um .eu-skráningu nema viðkomandi fyrirtæki sé á fyrirtækjaskrá í ESB-ríki eða hafi þar lögformlegt útibú.

Markmiðið að ýta undir netverslun Yfirlýstur tilgangur ESB með því

að taka upp „.eu“ er að ýta undir netverslun á innri markaðnum. Að baki liggur sú hugmynd, að í viðskiptum á vefnum geti kaupendur, hvort sem er einstaklingar eða fyrirtæki, treyst seljendum sem eru skráðir undir .eu-veffangi.

Á innri markaðnum gilda strangar reglur um neytendavernd og ábyrgð söluaðila. Framkvæmdastjórn ESB segir að þegar neytendur kaupi vörur eða þjónustu á .eu-skráðri vefsíðu geti þeir verið vissir um að Evrópureglur um neytendavernd gildi fyrir viðkomandi söluaðila. Annar tilgangur er sá að styrkja „vörumerkið“ EU (European Union) í heiminum, en liður í þeirri viðleitni er áróður framkvæmdastjórnarinnar fyrir því að fleiri framleiðendur í ESB-löndum noti vörumerkinguna „made in EU“.

EFTA-ríkjunum mismunað

Ísland og hin EFTA-ríkin í EES, Noregur og Liechtenstein, sóttust eftir því að fá að nota .eu-vefföng frá fyrsta degi en framkvæmdastjórn ESB hafnaði því, með þeim rökum einum að þau væru ekki í ESB.

Í 1. grein EES-samningsins stendur að markmið samningsins sé að „stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði“ og telja fulltrúar EFTA-ríkanna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar brot á þessu grundvallarákvæði EES-samningsins; með henni væri fyrirtækjum og einstaklingum á innri markaðnum mismunað og búnar til viðskiptahindranir milli EES-ríkja. Framkvæmdastjórninni varð þó ekki haggðað.

audunn@frettabladid.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **viðir** VEF-TV

ÞAÐ VÆRI BETRA AÐ EIGA GRILL SEM VIRKAR

LÆGRA VERÐ Á GRILLUM

TIL
HVERS
AÐ FÁ
LÁNAÐ?

ÞÚ FÆRÐ
GÆÐA GRILL
Á LÆGRA
VERÐI Í BYKO



34.900

45.258

Vnr.50652555

Gasgrill

STERLING gasgrill 2555, grillflötur 62x38 cm með tvískiptum brennara, emeleruó grillgrind, neistakveikjari, hitamælir, efri grind og þrýstjafnari.



22.900

Vnr.50632102

Gasgrill

ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.



11.900

14.500

Vnr.50630100

Gasgrill

OUTBACK

OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstjafnara og grillsteinum.



69.900

Vnr.50632312

Gasgrill

OUTBACK

OUTBACK ELITE PERFORMANCE gasgrill, 80x50 cm grillflötur með sex brennurum, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárn, neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstjafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi Akureyri og Selfossi.



39.900

Vnr.50630104

Gasgrill

OUTBACK

OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárn. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstjafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

skoðun

SJÓNARMÍÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Í dag eru fimm ár liðin frá því að fyrsta tölublað Fréttablaðsins kom fyrir sjónir lesenda.

23. apríl 2001

Fimm ár eru ekki langur tími, allra síst í sögu dagblaðs. Engu að síður hefur ótrúlega mikið gerst á fyrstu fimm árunum í sögu Fréttablaðsins og líklega hefði enginn getað séð fyrir þá stöðu sem blaðið hefur í dag þegar fyrsta tölublað þess kom út fyrir fimm árum. Úrtöluraddir voru sterkar en viðtökur almennings við blaðinu þeim mun betri og vitanlega höfðum við sem ráðin voru til starfa á þessu nýja blaði einnig fulla trú á að dagblað í ókeypis dreifingu gæti unnið sér sess á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Þrátt fyrir það grunaði áreiðanlega engan að einungis þremur árum frá upphafi útgáfunnar yrði Fréttablaðið mest lesna dagblað landsins og að á fimm ára afmælinu hefði það fest sig í sessi með þeim hætti sem raun ber vitni.

Í upphafi kom Fréttablaðið út fimm sinnum í viku og var 24 síður hvert tölublað. Nú kemur blaðið út alla daga vikunnar og raunar næstum hvern einasta dag ársins því útgáfuhlé í kringum hátíðir eru í algeru lágmarki og útgefnar síður á dag eru frá 40 og fara upp fyrir 100 þegar allra mest lætur.

„Frá upphafi var einnig lagt upp með þá grunnhugsun að fréttir væru fréttir óháð því hvort fjallað er um atburði sem eiga sér stað hérlendis eða erlendis.“

Eins og heiti Fréttablaðsins gefur til kynna var frá upphafi lagt upp með að fréttir væru meginuppistaða í blaðinu. Frá þeirri stefnu hefur ekki verið horfið þótt hlutfall fréttar hafi vissulega minnkað með aukinni stærð. Frá upphafi var einnig lagt upp með þá grunnhugsun að fréttir væru fréttir óháð því hvort fjallað er um atburði sem eiga sér stað hérlendis eða erlendis.

Á þeim fimm árum sem útgáfa Fréttablaðsins spannar hefur ýmislegt breyst á íslenskum dagblaðamarkaði. Leiða má líkur að því að sumar þær breytingar séu tilkomnar vegna áhrifa frá Fréttablaðinu, beint eða óbeint. Á forsiðu Morgunblaðsins eru til dæmis nú birtar bæði fréttir af innlendum vettvangi og erlendum í stað þess að áður voru þar eingöngu erlendar fréttir, og Morgunblaðið kemur nú út á mánudögum sem það gerði ekki áður. Velgengni Fréttablaðsins á vafalaust einnig þátt í því að fjórða íslenska dagblaðið, Blaðið, bættist við á síðasta ári, blað sem er í ókeypis dreifingu eins og Fréttablaðið.

Á Fréttablaðinu hefur frá upphafi verið leitast við að birta sem gleggsta mynd af samfélaginu á hverjum tíma. Stundum hefur gústað um blaðið í samfélagsmæðunni enda ekki von á öðru þegar um er að ræða fjölmiðil sem þróast jafnhvatt og Fréttablaðið. Fréttastefna blaðsins hefur þó frá upphafi verið hófsöm og í anda þess að blaðið er óboðinn gestur á heimilum landsmanna. Ekki verður þó annað sagt en að lesendur hafi tekið gestinum vel og fyrir það ber að þakka á þessum tímamótum.

Segja má að Fréttablaðið hafi nú slitið barnsskónum. Það þýðir þó ekki að blaðið muni ekki halda áfram að mótast. Við sem að Fréttablaðinu stöndum viljum stöðugt leitast við að gera betur. Á sama hátt hljóta lesendur blaðsins að gera vaxandi kröfur til þess með auknum aldri þess og þroska. Það er og verður keppikefli ritstjórnar Fréttablaðsins að halda áfram að þróa blaðið og efla enn frekar samband okkar við lesendur og traust þeirra í okkar garð. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bensínverð og græningjar

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sendi Jóni Bjarnasyni, þingmanni VG, pillu í umræðum um gjaldtöku ríkis-sjóðs af bensíni í þinginu á föstudag. Eins og fleiri stjórnarandstöðupingmenn krafðist Jón þess að stjórnvöld drægi úr gjaldtöku af bensíni til þess að lækka verðið. Fjármálaráðherra svaraði Jóni og sagði að það væri líklega einsdæmi í heiminum að þingmaður græningjaflokks vildi lækka bensínverð og stuðla þannig að aukinni bílaumferð. Algengara hefur verið að græningjar vilji hækka bensínverð til þess að draga úr bílaumferð og auka almenningsamgöngur.

Kirkjan og kennitölurnar

Þjóðkirkjumenn eru eðlilega í vörn gagnvart þeim sem gagnrýna skipun sóknarprests í Reykjanesbæ í

andstöðu við fjölmenna undirskriftarsöfnun. Kirkjunnar menn vilja ekki gera lítið úr því að séra Sigfús B. Ingvason, sá sem hafnað var, njóti mikils stuðnings enda sé hann hinn mætasti maður. Þeir draga hins vegar í efa að hlutur sóknarbarna í undirskriftarsöfnuninni sé jafnmikill og látið er að liggja. Söfnunin fór fram á netinu og þátttakendur þurftu ekki að skrá kennitölu. Þeir sem verja skipun séra Skúla Ólafssonar segja að talsvert hafi verið um fólk búsett utan prestakallsins á listanum. Þjóðkirkjumenn segjast hins vegar vongóðir um að þessi mikli áhugi á undirskriftarsöfnuninni skili sér í blómlegu kirkjustarfi á næstunni.

Stóra sardínumálið

Öllum að óvörum bárust þær fréttir til landsins í gær að Íslendingar eru orðnir aðilar að langvinnri alþjóðadeilu um það hvort Vestur-Sahara eigi að vera sjálfstæð eða hluti af Marokkó. Sjálfstæðishreyfingin Polisario hefur áratugum saman barist gegn yfirráðum Marokkóstjórnar og sakar nú Sjálfstæðina og fleiri íslensk sjávarútvegsfyrirtæki um sjóræningjaveiðar á sardínu undan ströndum Vestur-Afríku. Marokkómenn seldu Íslendingum sardínu kvótann en Polisario véfengir rétt Marokkómanna til að ráðstafa kvótanum og sakar íslensku útgerðina um arðrán á fátækri smáþjóð í svörtustu Afríku.

petur@frettabladid.is

Vandasamt verkefni

Danski bankinn hefur birt nýja skýrslu um íslenskt efnahagslíf. Sem fyrr eru frændur okkar svart-sýnir á stöðu mála hér og spá öllu illu. Ekki er örgrannt um að það læðist að manni sú hugsun að í hverri hrakspá þeirra felist ósk um aðra verri. Það sem vakti mesta athygli mína í greiningu þeirra hjá danska banka voru hugleiðingar um vaxtastefnu Seðlabankans. Þeir láta að því liggja að stýrivextir þurfi að hækka gríðarlega umfram það sem nú er og það muni jafnvel ekki duga til að koma böndum á verðbólgu. Þessi skoðun vekur upp spurningar um áhrif stýrivaxta og vaxtastefnu Seðlabankans undanfarin ár.

Of snemma af stað?

Verðbólga undanfarin misseri á sér tæpar meginuppsettir. Annars vegar hækkan á húsnæði og hins vegar hækkan á olíuverði. Ef þessir tveir liðir eru teknir út úr verðbólguáætlunum þá hefur verðbólgan hér lengstum verið innan þeirra marka sem Seðlabankanum er gert að halda henni. Af hverju skyldi þetta skipta máli? Vegna þess að það er algengt að seðlabankar eins og til dæmis sá bandaríski, sá evrópski og sá breski haldi húsnæðinu fyrir utan verðbólguáætlununa. Rökin sem meðal annars Greenspan notaði eru þau að húsnæði telst til eigna og seðlabanki eigi ekki að láta slíkar verðbreytingar hafa áhrif á vaxtastefnu sína. Hlutabréf eru annar flokkur eigna og hlutabréfavisitalan er ekki látin hafa áhrif á verðbólguáætlun. En ef hægt er að færa rök fyrir því að húsnæði eigi að mælast í verðbólgu þá eru rök fyrir því að hlutabréf eigi að gera það líka. Það eru vissulega rök fyrir því að mæla verðbólgu með húsnæði, en það eru líka sterk rök fyrir því að gera það ekki. Það er því eðlilegt að spyrja hvort Seðlabankinn hafi farið of snemma af stað í vaxtahækkanir sínar og of hratt.

Of hátt?

Háir vextir þýða mikinn vaxtamun

Í DAG

VEXTIR OG VERÐBÓLGA

ILLUGI GUNNARSSON

Það eru vissulega rök fyrir því að mæla verðbólgu með húsnæði, en það eru líka sterk rök fyrir því að gera það ekki. Það er því eðlilegt að spyrja hvort Seðlabankinn hafi farið of snemma af stað í vaxtahækkanir sínar og of hratt.

við Evrópu og Bandaríkin. Mikill vaxtamunur þýðir að öðru jöfnu mikið innflæði erlendrar peninga vegna þess að hægt er að græða á því að breyta erlendum peningum í íslenskar krónur og stinga vaxtamuninum í vasann. Kosturinn við mikið innflæði af erlendum peningum er sá að við það styrkist krónan og þar með minnkar verðbólguþrýstingur vegna ódýrari innflutnings. En gallinn er að neysla eykst, útflutningurinn tapar og erlend lántaka eykst. Síðast nefndi þátturinn er kannski mikilvægastur. Þar sem verðbólga án húsnæðis og olíu er lág er augljóst að fyrirtæki geta illa ýtt hærri kostnaði út í verðlagið. Hærri fjármagnskostnaður vegna hærri vaxta þvingar því fyrirtæki til mæta því með því að fjármagna sig í erlendri mynt. Þetta gildir jafnvel um fyrirtæki sem hafa allar tekjur sínar í íslenskum krónum. Þetta getur sett hagkerfið úr jafnvægi og um leið grafið undan stýrivöxtum sem stjórntæki. Spurningin er hvort Seðlabankinn hafi með því að hækka vextina svona mikið og svona snemma, valdið óeðlilegri spennu í hagkerfinu. Hvernig hefðu vextirnir orðið

ef íslenski bankinn hugsaði eins og sá bandaríski, evrópski og breski?

Hagvöxtur lítil 2007

Spurningin sem Seðlabankinn stendur frammi fyrir er væntanlega þessi: Hversu vel virka stýrivextir bankans við þær aðstæður sem nú eru? Ef koma á í veg fyrir verðbólgu þá geta stýrivextirnir gert tvennt. Annars vegar geta þeir slegið á þenslu í hagkerfinu og hins vegar geta þeir dregið að erlent fjármagn og styrkt þannig gengið. Það tekur töluverðan tíma fyrir stýrivextina að hafa áhrif á efnahagsstarfsemina, oft er talað um rúmlega 12 mánuði eða svo. Með öðrum orðum, stýrivöxtum í dag er ætlað að fást við ástand sem er fyrrisjáanlegt á næsta ári. Nú eru stýrivextir mjög háir. En spá um hagvöxt á næsta ári er ekki allt of góð. Spáð er að hann verði 2,6%. Það er því líklegt að Seðlabankinn sé að beita stýrivöxtunum fyrst og fremst til að hafa áhrif á gengið. En þá vaknar erfið spurning sem Seðlabankinn mun væntanlega svara á næstu mánuðum. Tryggja háir vextir að gengið hætti að síga?

Virka stýrivextirnir rétt?

Ef vextir verða svo háir að markaðurinn missir trúna á að hagkerfið standi undir þeim þá fara vextirnir að virka öfugt við það sem þeim er ætlað. Spákaupmenn sem vilja græða á vaxtamun gera sér grein fyrir því að ef hagkerfið missir styrk sinn þá veikist krónan. Mjög háir vextir veikja hagkerfið til lengdar og hagvöxtur er frekar lítil á næsta ári. Ef spákaupmenn hafa ekki trú á íslenska hagkerfinu þá skiptir ekki máli þótt vaxtamunurinn vaxi og vaxi, þeir taka ekki áhættuna sem fylgir því að breyta erlendri mynt í íslenskar krónur. Fyrr eða síðar mun Seðlabankinn þurfa að lækka vexti aftur. Spurningin er einungis hvenær það verður skynsamlega heldur en að halda áfram að hækka þá.

TOYO Bestu dekin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine



TOYO TIRES

Hágæða jeppadekk

Fínt eða gróft munstur.

Mikið úrval af stærðum.

Gerid gæða og verðsamanburð

NESDEKK
Seltjarnarnesi Sími: 661 4110

KT verslun Akureyri

Björn Benni

Njarðarnesi S.466 2111 Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson STEFÁNSDÓTTIR RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafhelli 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkunum án endurgjalds. issn 1670-3871

Lögfestum barnasáttmálann

UMRÆÐAN RÉTTINDI BARNNA



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einn af grundvallarsáttmálum alþjóðasamfélagsins. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra sinna eða forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi.

Þótt aðildarríki að samningnum, eins og Ísland, séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum sem settum lögum.

Það er ein ástæða þess að ég hef nú lagt fram þingmál á Alþingi um að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur hér á landi.

Slíkur grundvallarsáttmáli á að mínu mati að vera lögfestur með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994. Vægi barnasáttmálans yrði

þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum sem lögum við úrlausnir mála. Noregur lögfesti barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2003.

Samhliða lögfestingu barnasáttmálans er lagt til að íslensk löggjöf verði endurbætt að fullu í samræmi við barnasáttmálann. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og Umboðsmaður barna hafa ítrekað bent á ýmsar brotalamir í íslenskri löggjöf þegar kemur að börnum. Má þar nefna að tryggja þarf betur friðhelgi einkalífsbarnaogsjálfákvörðunarrett þeirra s.s. í barnalögum, barnaverndarlögum og í lögum um réttindi sjúklunga. Þá þarf að setja í lög að rétt sé við yngri

börn en nú er gert í umgengnis- og barnaverndarmálum og skoða mismunandi aldursmörk barna í lögum. Barnabætur eru t.d. ekki greiddar með börnum á aldrinum 16-18 ára og foreldrar taka ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns yngra en 16 ára úr trúfélagi.

Einnig verður að tryggja rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar, m.a. í grunnskólalögum, og bæta réttindi þeirra innan stjórn-sýslu sveitarfélaga. Huga þarf að rétti barns til að þekkja foreldra sína og skoða hvort það eigi við ættleidd börn og í sæðisgjöfum.

Ákvæði barnasáttmálans geta sömuleiðis kallað á endurskoðun á hegningarlögum. Má þar nefna hækkun kynferðislegs lögdurs úr 14 ára, setningu sérstaks

lagaákvæðis um heimilisofbeldi og afnám fyrningarfrests í kynferðisafbrotum gegn börnum þar sem fresturinn getur dregið úr vernd barna og möguleikum þeirra á að sækja rétt sinn. Þá ber samkvæmt barnasáttmálanum að aðskilja unga fanga frá fullorðnum föngum en hér á landi er það ekki gert.

Það þarf að huga sérstaklega að stöðu barna í íslenskum lögum sem glíma við langvarandi veikindi, fötlun og geðsjúkdóma og sömuleiðis fátækt. Síðast en ekki síst þarf að tryggja að framkvæmd laga sé í samræmi við texta þeirra.

Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.

Lóðirnar í Kópavogi

UMRÆÐAN LÓÐAMÁL



GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON
VERKFRÆÐINGUR

Mikið hefur verið rætt um úthlutun lóða á höfuðborgarsvæðinu á seinustu misserum. Í Garðabæ og Reykjavík hafa lóðir verið boðnar upp, happadrætti verið beitt í Hafnarfirði og Reykjavík, en Kópavogur hefur skorið sig úr en þar velur bæjarstjórn úr umsækjendum.

Þótt skoðanir hafi verið skiptar hafa flestir óháðir sérfræðingar verið sammála um að takmörkuð gæði, eins og lóðir eigi að bjóða upp. Því ættu þeir sem á annað borð hafa einhverja lágmarkstrú á markaðshagkerfi og samkeppni t.d. að vera sammála um að allar lóðir til verktaka eigi að bjóða upp. Fleiri sjónarmið eru uppi við úthlutun sérbýlishúsalóða til fjölskyldna. Þar hefur bæjarstjórn Kópavogs rökstutt val sitt á umsækjendum með því að verið væri að úthluta fólki „fram tíðarhúsnæði“. Lóðum hefur ekki verið úthlutað til endursölu, en töluverða fjármuni er hægt að hafa upp úr því að byggja og selja þar sem lóðirnar eru seldar töluvert undir markaðsverði. Til dæmis úthlutaði bærinn nýlega lóðum á Vatnsenda og kostaði lóðin um 7 milljónir, en einkaaðilar hafa nú boðið til sölu sams konar lóðir í sömu götu á 20 milljónir.

Lausleg skoðun á nýjasta fullkláraða hverfinu í Kópavogi, Salahverfi, leiðir í ljós að úthlutunaraðferðin í Kópavogi hefur mistekist. Samanburður á lista yfir þá sem þar fengu einbýlishúsalóð við símaskrá leiðir í ljós að 75% af lóðunum hafa skipt um eigendur. Að meðaltali skipta 11% íbúða á Íslandi um eigendur á hverju ári. Það hlutfall ætti að vera enn lægra í Sölonum þar sem verið er að úthluta „fram tíðarhúsnæði“. Þannig er ljóst að þeir sem halda því fram að braskað sé með lóðirnar í Kópavogi hafa nokkuð til síns máls.

Að lokum má benda á að í nýlegri útgáfu Voga, blaði sjálfstæðismanna í Kópavogi auglýstu alls 9 verktakar. Allir höfðu þeir fengið lóð í Kópavogi á seinustu tveimur árum. Enginn sem ekki fékk lóð auglýsti. Vonandi hefur sú staðreynd ekki áhrif á stefnu sjálfstæðismanna í Kópavogi. Í því sambandi má benda á að Samfylkingin berst fyrir opnu bókhalda stjórnmalaflokka og í Kópavogi hefur Samfylkingin viljað bjóða upp lóðir til verktaka.

Verðlaunabækur

Í tilefni viku bókarinnar bjóðum við þessar verðlaunabækur á tilboðsverði!



Kristín Helga Gunnarsdóttir



Bókaverðlaun barnanna

Tilboðsverð
1.490 kr.



Tilboðsverð
1.490 kr.

Barnabókaverðlaun Menntaráðs



Áslaug Jónsdóttir

Tilboðsverð
1.490 kr.

Þýðingarverðlaun Menntaráðs



Mundu eftir ÞjóðarGjöfni!



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Eda
edda.is



Fólk sem getur, kann og vill

Þjónustutrygging fyrir aldraða – þjónustuna heim

Við viljum að öll málefni aldraðra verði færð til sveitarfélaganna. Við viljum halda áfram að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun, byggja fleiri hjúkrunarheimili og tryggja örugg úrræði þegar á þarf að halda. Allir eldri borgarar eiga rétt á þjónustu, og því boðum við svokallaða þjónustutryggingu sem þýðir: **Ef þjónustan dregst óeðlilega skapast réttur til greiðslu.**

Kraftmikil uppbygging – 6000 íbúðir

Lykilatriðið er fjölbreytt val um framtíðarhúsnæði. Við viljum vinna að því að 6000 íbúðir og sérbyli af öllum stærðum og gerðum rísi í Reykjavík á næstu árum á Slíppasvæðinu, í miðborginni, við Elliðaárvog, í Úlfarsárdal, Vatnsmýri og við Hlemm. Við viljum að allir geti fundið sér húsnæði við hæfi. Byggðar verði 800 íbúðir fyrir stúdenta, 500 fyrir eldri borgara og að öflugur leigumarkaður verði valkostur fyrir einstaklinga og fjölskyldur í leit að þaki yfir höfuðið.

Sérstakt átak í uppbyggingu grænna svæða og skólalóða

Við höfum byggt upp grunnskóla, leikskóla og stórbætt starfsaðstöðu íþróttafélaga. **Nú viljum við gera stóratök við fegrun umhverfisins** og byggja upp fyrirmyndaraðstöðu til útivistar og afþreyingar um alla borg. Við leggjum sérstaka áherslu á uppbyggingu skólalóða, opinna svæða og almenningsgarða. Við viljum fleiri sparkvelli, hverfatorg, leiksvæði, bekki og borð.

Íþróttir, tómstundir og listnám standi öllum börnum til boða

Við viljum að öll börn fái tækifæri til að þroska hæfileika sína. Samfylkingin vill auka styrki til frístundastarfs barna til að auka þátttöku og tryggja jöfn tækifæri. Við viljum færa íþróttir, tómstundir og listnám inn í skólana og að starfsemin standi öllum áhugasömum börnum til boða. Við viljum að allir foreldrar eigi val um fjölbreytt tómsundaúrræði fyrir börn sín að loknum hefðbundnum skóladegi. **Þannig verður skóladegurinn innihaldsríkari.** Skutl foreldra vegna tómsunda barna minnkar og mikilvægar samverustundir fjölskyldna aukast eftir að skóladegi lýkur.



Dagur B. Eggertsson
33 ára læknir & borgarstjóræfni
Samfylkingarinnar. Býr í miðbænum,
uppalinn í Árbænum.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
41 árs borgarstjóri í Reykjavík.
Uppalín í Laugarnesi og býr í Laugarnesi.

Stefán Jón Hafstein
51 árs formaður borgarráðs.
Uppalinn í Vogunum, býr í miðbænum.

Gjaldfrjáls leikskóli og val um þjónustu fyrir börn frá lokum fæðingarorlofs

Leikskólabyltingin hefur gjörbreytt líffskilyrðum fjölskyldna í borginni. **Við viljum tryggja örugg úrræði fyrir börn frá lokum fæðingarorlofs og nýta þjónustumiðstöðvar borgarinnar í því skyni að aðstoða foreldra við að finna úrræði við hæfi.** Við viljum gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum, fjölga leikskóla-plássnum fyrir yngsta aldurshópinn og efla dagforeldrakerfið. Vannýtta gæsluvelli má nýta til að hýsa samrekstur áhugasamra dagforeldra.

Sterk hverfi – öflug nærþjónusta

Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á hverfaþjónustu og tekið forvarnarstarf föstum tókum með góðum árangri. **Forvarnir eiga alltaf að vera forgangsverkefni.** Við viljum öfluga hverfaþjónustu í alhliða þjónustumiðstöðvum og leggjum áherslu á samvinnu við íþróttafélög, samtök foreldra og félagasamtök til að gera hverfin sterkari. Við viljum sýnilega hverfalöggæslu í öllum hverfi.

Nútíma borg – einfaldar lausnir

Reykjavík á að vera nútímaleg og þjónustan einföld. **Við viljum gera klínkið óþarft** með því að bjóða fólki upp á kortalausnir og farsímagreiðslur í stöðumæla og strætó. Við viljum rafræna valkosti í þjónustu borgarinnar. Þetta er í takt við umbætur síðustu ára; einfaldari þjónusta, styttri boðleiðir, helmingsfækkun nefnda, endurbættur vefur og eitt símanúmer fyrir Reykjavíkurborg – allan sólarhringinn.

Aukin samkeppnishæfni – skapandi atvinnulíf

Við viljum efla Reykjavík í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Við leggjum áherslu á öryggi, lífsgæði, framúrskarandi menningarlíf og ríka vaxtarmöguleika atvinnulífs sem byggist á sambyli við vaxandi háskóla. Við viljum hlúa að ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi og þekkingariðnaði og skapa kjörskilyrði til að stofna og reka fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Uppbygging atvinnulífs og framtíðarbyggðar í Vatnsmýri er lykilatriði til að bæta samkeppnisstöðu Reykjavíkur.

Betri samgöngur – örugg umferð

Við viljum að Reykjavík verði slysaminna höfuðborg Evrópu árið 2012. Þetta er raunhæft því nú þegar hefur slysum fækkað um helming frá árinu 1998. **Við viljum fjölga samgönguæðum til borgarinnar og frá** með Öskjuhlíðargöngum og Sundabraut alla leið upp á Kjalarnes. Við viljum öflugar almenningssamgöngur, setja Miklubraut í stökk og tryggja öruggar göngu- og hjólaleiðir í öllum hverfum. Tími stórra hraðbrauta í íbúðahverfum er liðinn.

Sjálfstæðir skólar – framúrskarandi nám

Við viljum tryggja jöfn tækifæri barna til að njóta sín í námi. Við viljum draga enn frekar úr miðstýringu í menntakerfinu og auka sjálfstæði einstakra skóla til að móta eigin aðferðir og áherslur. **Aukinn sveigjanleiki í skólastarfi er lykilatriði.** Við viljum að námið taki mið af ólíkum þörfum einstaklinga og að samstarf skóla og foreldra verði aukið.

Framtíðarland í Vatnsmýri – félag um þróun flugvallarsvæðisins

Við viljum hefja undirbúning að flutningi flugvallarins úr Vatnsmýri á næsta kjörtímabili. Taka á af skarið um framtíðarstaðsetningu í kjölfar úttektar á álitlegum kostum sem nú stendur yfir. Samfylkingin leggur til að **Reykjavíkurborg og ríkið stofni sameiginlegt félag um flutning flugvallarins og þróun Vatnsmýrarinnar** þar sem byggt verði á niðurstöðum yfirstandandi hugmynda-samkeppni um heildarskipulag svæðisins. Félagið fái hluta tekna af löndum og lóðum ríkis og borgar á flugvallarsvæðinu til að fjármagna verkefni sín samkvæmt nánara samkomulagi. Til að tryggja fjölbreytta uppbyggingu svæðisins verði að minnsta kosti fjórðungur íbúða í Vatnsmýri leiguíbúðir og stúdentagarðar.

Stefnuskrána má lesa í heild sinni á www.xsreykjavik.is.



Sigrún Elsa Smáradóttir
33 ára markaðsstjóri. Fædd og uppalin í Vestmannaeyjum, býr í Fossvogi.



Oddný Sturludóttir
29 ára pianökennari & rithöfundur. Uppalinn í Árbænum, býr í miðbænum.



Dofri Hermannsson
36 ára leikari og meistaranemi í hagvísindum. Hefur búið í Grafarvogi síðan 1984.



Björk Vilhelmsdóttir
42 ára félagsráðgjafi & formaður Velferðarráðs Reykjavíkur. Uppalinn á Blönduósi, býr í Breiðholti.



CHARLES G. DAWES (1865-1951),
LÉST PENNAN DAG

„Meðalmennska krefst
fálætis svo hún varðveitti
reisn sína.“

Dawes var varaforseti Bandarík-
anna og fékk friðarverðlaun Nóbels.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 23. APRÍL 1993

Eritrear kjósa um sjálfstæði

Á þessum degi árið 1993 hófst þjóðaratkvæðagreiðsla í Eritreu um sjálfstæði landsins frá Eþíópíu. Eritrea á sér langa sögu um erlenda stjórn og stýrjaldir. Seint á nítjándu öld eignuðu Ítalir sér landsvæðið og gerðu Eritreu að nýlendu sinni. Þeir girntust strandlínu við Rauða hafið sem hafði öðlast mikilvægi eftir opnun Súesskurðarins.

Eftir hernaðarbrótt í Eþíópíu hróktust Ítalir frá Eritreu og tóku Bretar að sér stjórn landsins árið 1941. Þá hófst áratugur pólitískrar spennu þar sem Eþíópustjórn reyndi allt sem hún gat til að sannfæra ríki heimsins um að löndin tvö ættu að vera



FRÁ ERITREU

eitt. Eftir miklu var að slægjast fyrir Eþíópíumenn sem horfðu löngunaraugum til strandlínunnar

við Rauða hafið og fengu þeir sínu framgengt árið 1950 þegar Sameinuðu þjóðirnar ákváðu sameiningu landanna tveggja.

Ekki fór sameiningin þó vel því kristin stjórn í Eþíópíu leit ekki á múslima í Eritreu sem jafningja annarra. Spenna gegn yfirstjórninni byggðist upp í Eritreu og á næstu áratugum voru þar starfandi skæruliðahreyfingar sem kröfðust sjálfstæðis landsins. Eftir stutt afskipti Sovétríkjanna unnu sjálfstæðissinnar í Eritreu loks sigur. Sjálfstæði landsins var lýst yfir þann 21. maí 1993 eftir að sjálfstæðisyfirlýsing hafði verið samþykkt með yfirburðum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

ANDLÁT

Áslaug Jónsdóttir, Svalbarði 7, Hornafirði, lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 19. apríl.
Ásta Antonsdóttir, Rjúpufelli 23, lést á Landspítalanum Fossvogi að morgni fimmtudagsins 20. apríl.
Elisabet Benediktsdóttir frá Erpsstöðum, Dalasýslu, Álftheimum 36 í Reykjavík, lést föstudaginn 21. apríl á Landspítalanum í Fossvogi.
Guðmundur Guðmundsson prentari, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.
Guðrún Jóhanna Ármannsdóttir frá Neskaupstað lést á heimili sínu Aðalgötu 5, Keflavík, miðvikudaginn 19. apríl.

Jóhanna Þorgeirsdóttir, Hlunnavogi 3, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.
Jóhannes Helgi Jónsson, Hvassaleiti 56, áður Álfamýri 30, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.
Kristján Jónsson bifreiðastjóri, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, lést að morgni fimmtudagsins 20. apríl.
Númi Ólafsson Fjeldsted, Ljósheimum 10, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, að morgni fimmtudagsins 20. apríl.
Stefanía Ingibjörg Snævarr lést fimmtudaginn 20. apríl.
Þorsteinn Freyr Viggósson veitingamaður í Kaupmannahöfn er látinn.

AFMÆLI



Hilmar Örn Hilmarsson alsherjargoði og tónlistarmaður er 48 ára.



Magnús Ver Magnússon kraftakarll er 43 ára.



Haraldur Jónsson myndlistarmaður er 45 ára.



Halla Margrét Árnadóttir söngkona er 42 ára.



Þróstur Leó Gunnarsson leikari er 45 ára.



Sigurlín Margrét Sigurðardóttir varaþingmaður er 42 ára.



KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR Aðstoðarmaður ráðherra er pólitískt starf og hlakkar Kolbrún mikið til að glíma við stjórn málin í fullu starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR: NÝR AÐSTOÐARMAÐUR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

Enginn glímuskjálfti

Fyrsta maí næstkomandi verða miklar breytingar í lífi Kolbrúnar Ólafsdóttur lögfræðings. Þá kveður hún embætti Lögreglustjórans í Reykjavík og heldur inn í hringiðu stjórn mála sem aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra.

„Starfið er virkilega áhugavert og spennandi að fá að takast á við þetta,“ segir Kolbrún sem er að vonum himinlifandi með nýja starfið. Hún hlakkar bæði til spennandi áskorana í heilbrigðisgeiranum og ekki síður að verða nánasta samstarfskona Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra. „Ég er mjög ánægð með að fara að starfa með Siv. Mér finnst hún öflugur stjórn mála maður og mikill skörungur.“

Kolbrún óttast ekki glímuna við vandamál á sviði stjórn mála. Hún er heldur ekki ókunn því starfi og hlakkar til að fá að helga stjórn mála um vinnudaginn allan. „Aðstoðarmaður ráðherra er náttúrulega pólitískt starf og í rauninni er ég bara að fara að vinna í pólitíkinni allan daginn. Mér finnst það mjög spennandi því ég er búin að starfa í Framsóknarflokki um árabil og gaman að fá þetta tækifæri.“

Að sögn Kolbrúnar felst starf aðstoðarmanns ráðherra fyrst og fremst í því að vera til staðar fyrir ráðherrann og því þurfi hún að setja sig inn í alla málaflökka í ráðuneytinu. „Ætli fyrstu verkin verði ekki að kynna sér þetta allt. Svo lærir maður bara

með því að stökkva í djúpu laugina.“ Starfsreynsla Kolbrúnar er úr Lögreglunni í Reykjavík og nýja starfið því óneitanlega mjög frábrugðið því gamla. „Ég er búin að starfa sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík á lögfræði- og ákærusviði. Starfið felst í rauninni í afgreiðslu opinberra mála og að ákveða hvort þau séu þannig fallin að eigi að ákæra í þeim. Ef svo er rek ég málin fyrir dómi sem sækjandi.“ Að vissu leyti segir Kolbrún þó að reynslan úr starfi lögreglunnar eigi eftir að nýtast í heilbrigðisráðuneytinu. „Maður sér ýmislegt í starfinu hjá lögreglunni og áttar sig að vissu leyti á mörgum vandamálum í samfélaginu. Að því mun ég búa þegar ég byrja í ráðuneytinu.“



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jóhanna Þorgeirsdóttir
Hlunnavogi 3,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hjalti Jónasson, börn, tengdabörn og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdafaður og afa

Geirs U. Fenger
Lynghaga 7, Reykjavík.

Pétur U. Fenger
Anna Kristín Fenger
Ida Hildur Fenger
og afabörnin Úlfhildur, Kristján Geir, Geir Torfi,
Tinna Björk, Kristjana, Kristín Dagbjört, Geir Ulrich og
Anna María.

Sigrún Guðmundsdóttir Fenger
Herjólfur Guðjónsson
Skafti Jóhannsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Afmæli

Hörður Zóphaníasson

verður 75 ára næstkomandi þriðjudag, hinn 25. apríl. Þá bjóða hann og Ásthildur upp á kaffisopa í Gaflinum frá klukkan 17 til 19.30. Það myndi gleðja þau hjónin að sem flestir vinir þeirra og vandamenn létu sjá sig á Gaflinum og samfagna þeim á þessum afmælisdegi Harðar. Ásthildur og Hörður hafa ákveðið í tilefni dagsins að stofna sjóð, Hraunbúasjóðinn. Sjóðurinn er tileinkaður minningu Rúnar Brynjólfssonar. Afmælisbarnið frábiður sér blóm og afmælisgjafir, en gjafabaukur verður á staðnum fyrir þá sem vilja styrkja fyrirhugaðan Hraunbúasjóð, sem hugsaður er til að glæða og efla skátastarf í Hafnarfirði í framtíðinni.

Hreinsun garða

Nú er lóðahreinsun á höfuðborgarsvæðinu í fullum gangi. Fara þá starfsmenn sveitarfélaganna um bæjarfélögin og hirða garðúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk og hreinsa að auki til á opinberum svæðum eftir veturnum.

Hreinsunin hófst í Reykjavík á föstudaginn og stendur fram til 29. apríl. Í Kópavogi er dögnum skipt niður á

hverfin og byrja starfsmenn bæjarins í Vestur- og Austurbæ Kópavogs í dag fram til 27. apríl. Smárar, Lindir og Salir verða hreinsuð dagana 26. til 28. apríl en að lokum Kóra- og Vatnsendahverfi 2. og 3. maí. Vorhreinsun í Garðabæ stendur yfir fram á föstudag, 28. apríl en Hafnarfirðingar hafa tíma fram á laugardaginn 29. til að hreinsa sínar lóðir.

Síðustu námskeið vetrarins að hefjast

HAGNÝTT TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsælt tölvunámskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálföruggi við tölvuna. Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 15. maí og lýkur 1. júní.

Lengd: 42 kennslustundir. Verð: Kr. 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl. Kennt er þrjár vikur. Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans eða heimasíðu.

Lengd: 63 kennslustundir. Verð: Kr. 39.900,- (Allt kennsluefni innifalið).

TÖK tölvunám

Þetta námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutækniálagi Íslands.

Kennslu og prófagreinar:

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- Access gagnagrunnur
- PowerPoint

Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl. Kennt er þrjár vikur. Lengd: 100 kennslustundir. Verð kr. 65.000,- (Allt kennsluefni innifalið).



Skráðu þig strax í síma 544 22 10 eða á www.tsk.is



VEFSMÍÐI

Vefsíðugerð fyrir byrjendur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Sérstök áhersla er lögð á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Kennt er á tvö algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Photoshop og FrontPage.

Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar. Jafnframt er námskeiðið góður grunnur undir frekara nám í allri vefhönnun. Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu í samráði við kennara.

Lengd námskeiðs: 42 stundir. Hefst 26. apríl og lýkur 15. maí. Verð kr. 36.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Vefsíðugerð - framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja halda áfram og bæta við kunnáttu sína og getu við gerð faglegra vefsvæða. Ásamt kennslu á forritið Dreamweaver kynnst nemendur gagnagrunnstengdum vefsvæðum. Farið er stuttlega í gerð gagnagrunnstafna með Microsoft Access og hvernig tengja má vefsíður við gagnagrunna. Einnig er farið í notkun CSS stíla fyrir vefsíðugerð. Námskeið þetta hentar vel þeim nemendum sem tekið hafa Vefsíðugerð grunn, grunnnámskeið í Dreamweaver eða hafa sambærilega þekkingu og færni.

Lengd námskeiðs: 36 stundir. Hefst 17. maí. Verð kr. 39.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Önnur námskeið að hefjast:

Námskeið	Hefst	Stundir
● Photoshop grunnur	26. apríl	21
● FrontPage	8. maí	21
● Stafrænar myndavélar	24. apríl	14
● Word grunnur	29. apríl	21
● Excel grunnur	10. maí	21
● Outlook,	19. maí	10
● PowerPoint	24. maí	12
● Access	29. maí	21
● Tölvuviðgerðir	6. maí	18
● Öryggi og vírusvarnir	13. maí	9
● Tollskýrslugerð	16. maí	21

ELDRI BORGARAR 60+

Byrjendur

Síðasta námskeið vetrarins hefist 24. apríl og lýkur 17. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 13 - 16

Framhald I

Síðasta námskeið vetrarins hefist 25. apríl og lýkur 16. maí. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13 - 16



TÖLVUSKÓLINN

PEKking

Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Fréttablaðið í fimm ár

Fréttablaðið er fimm ára í dag. Á þessum stutta tíma hefur blaðið unnið sér sess á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Það er mest lesna dagblað á Íslandi, mikið notaður fjölmiðill sem frá upphafi hlaut góðar viðtökur lesenda þótt margir hafi haft uppi hrakspár um framtíð blaðsins fyrst eftir að blaðið hóf göngu sína.

Á útmánuðum fyrir rúmum fimm árum hófst undirbúningur að stofnun Fréttablaðsins. Hugmyndin var að gefa út fríblað sem fjármagnað væri með auglýsingum. Feðgarnir sem kenndir voru við DV, Sveinn Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson stóðu á bak við blaðið. Fríblöð þekktust í nágrennanöndum en þar var dreifingu blaða háttáð þannig að fólk nálgadist þau á fjölförnum samgöngumiðstöðum eins og járnbrautarstöðvum. Sú aðferð gengur eins og gefur að skilja ekki hér á landi og því var valin sú leið að dreifa blaðinu í hús.

Fréttablaðið var í upphafi 24 síður og kom út fimm sinnum í viku. Að hluta til var það prentað í svarthvítu. Nú fimm árum síðar kemur blaðið út alla daga vikunnar, prentað í lit og stærðin er á bilinu 48 til 96 síður á dag og er þá Allt-blaðið meðtalið sem fylgir blaðinu dag hvern. Vikulega kemur viðskiptablaðið Markaðurinn út og tímaritið Birta. Sannarlega má því segja að blaðið hafi stækkað og eflist mikið á þessum fimm árum.

Ekki gekk þó þrautalaust að koma blaðinu á þann stað sem það er í dag. Fljótlega eftir að blaðið hóf göngu sína tók að bera á fjárhagsöruggleikum og er leið fram á haustið 2001 fóru launagreiðslur starfsfólks að dragast á langinn. Blaðinu var þó haldið á floti allt til síðari hluta júní 2002 en þá var reksturinn kominn í þrot. Síðustu mánuðina í rekstri Fréttablaðsins í eigu fyrri eigenda mæddi mikið á starfsfólki blaðsins, blaðberum, blaðamönnum og öllum öðrum. Flestir áttu það þó sameiginlegt að trú á möguleika Fréttablaðsins og vildu að blaðið kæmi áfram út.

En bág fjárhagsstaða hafði betur en kappið og felldi blaðið.

Blaðið endurreist

12. júlí 2002 kom fyrsta tölublað Fréttablaðsins í eigu Fréttar ehf. út. Um 25 starfsmenn sigldu skútunni af stað undir ritstjórn Gunnars Smára Egilssonar sem einnig var framkvæmdastjóri Fréttar, útgáfufélags Fréttablaðsins. Gunnar Smári benti á í viðtali við Fréttablaðið þegar það varð þriggja ára að rekstur blaðsins fram að þroti Frjálsrar fjölmiðlunar hefði verið skólabókardæmi um að ef til fyrirtekja er stofnað með of litlu stofn-



ÞVERHOLT 9 Fréttablaðið var til húsa í Þverholti fyrstu tæp tvö árin sem það var starfrækt.

fé og engum aðgangi að lánsfé þá færu þau á hausinn. Útgáfa Fréttablaðsins hefði hins vegar sýnt að reka mætti það réttum megin við núlli. Að ýmsu var að hyggja.

Reisa þurfti dreifikerfi blaðsins úr rústum en dreifing blaðsins hefur auðvitað alltaf gegnt lykilhutverki í lestri þess. Blaðið byrjaði í sömu stærð og áður, 24 síðum. Það var sem fyrr til húsa í Þverholti. Og þrátt fyrir byrjunaröruggleika eins og að vinna traust lesenda og auglýsenda á nýjan leik, þá gekk ótrúlega vel að ná til fólks. Halli var á rekstri blaðsins fyrstu þrjú mánuði þess en að þeim loknum fór reksturinn að skila hagnaði. Tekjur blaðsins koma frá auglýsingasölu og blaðið sannaði sig brátt sem öflugur auglýsingamiðill.

Í lestrarkönnun sem tekin var haustið 2002 kom í ljós að um 120.000 manns lásu blaðið dag hvern. Það var vissulega mikill lestur en blaðið átti eftir að bæta verulega við sig í lestri og skjótast upp fyrir Morgunblaðið, nokkuð sem úrtöllum höfðu talið ómögulegt þegar blaðið fór af stað.

Þegar það gerðist, í könnun sem kynnt var í apríl 2003 en tekin í mars sama ár, varð mikil gleði í húsakynnum Fréttablaðsins. Þá mældist lestur Fréttablaðsins tæpum 10% meiri en lestur Morgunblaðsins að meðaltali. Einu markmiði af mörgum var náð. Á þessum tíma var Fréttablaðið nýflutt á



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Þrátt fyrir að blaðið sé nú mun stærra í sniðum en í upphafi hefur þó ekki verið vikið frá þeirri upphaflegu hugmynd að segja fréttir á skýran og hnitmiðaðan hátt.

Suðurgötu í gamla SÍBS-húsið. Fljótlega varð það ljóst að þau húsakynni voru of lítil. Starfsfólki fjölgaði óðum og plássíð var ekki sérlega mikið, jafnvel þótt næsta hús í Suðurgötunni væri líka lagt undir starfseminna. Í nóvember var starfsemi blaðsins flutt um set, í núverandi húsnæði við Skaftahlíð, en það gerðist eftir að eigendur keypu þrotabú DV og húsnæði þess með. Þar er Fréttablaðið nú til húsa ásamt öðrum fyrirtækjum í eigu 365 sem er heiti útgáfufélags Fréttablaðsins í dag.

Stærra og öflugra blað

Miklar breytingar og mikill vöxtur hafa sem sagt einkennt starfsemi Fréttablaðsins frá upphafi. Starfsfólk sem unnið hefur á blaðinu frá upphafi hefur haft aðstöðu á þremur stöðum. Ritstjórnarnir eru fimm, lengst gegndi Gunnar Smári því embætti. Kári Jónasson hefur setið í ritstjórastóli frá haustinu 2004 og tók þá við Gunnari Smára. Í febrúar síðastliðnum settist Þorsteinn Pálsson við hlið hans. Einar Karl Haraldsson var fyrsti ritstjóri blaðsins og um stutt skeið var Jónas Kristjánsson ritstjóri Fréttablaðsins – eða á vormánuðum 2001. Aðstoðarritstjóri blaðsins frá árinu 2004 hefur verið Jón Kaldal.

Fréttastjórn hefur nánast frá

upphafi verið í höndum Sigurjóns M. Egilssonar. Fyrsta árið var Pétur Gunnarsson einnig fréttastjóri blaðsins. Eftir að blaðið reis úr rústum tók Sigurjón við fréttarítstjórn þess og hefur haldið um stjórnvölinn síðan. Nú eru starfandi þrjú fréttastjórnar að auki á blaðinu.

Þrátt fyrir að blaðið sé nú mun stærra í sniðum en í upphafi hefur þó ekki verið vikið frá þeirri upphaflegu hugmynd að segja fréttir á skýran og hnitmiðaðan hátt. Venjuleg fréttastíða í Fréttablaðinu rúmar yfirleitt átta til tíu fréttir og er erlendum og innlendum fréttum blandað saman. Það þótti mikil nýjung upphaflega en viðgengst nú til dæmis á forsíðu Morgunblaðsins en breytingar á henni eru ein þeirra breytinga á öðrum fjölmiðlum sem rekja má til tilkomu Fréttablaðsins.

Með stærra blaðið hefur vitaskuld gefist svigrúm til stærri greina og efnistengdra síða. Umfjöllun um fólk, afþreyingu, menningu og íþróttir tekur yfir stóran hluta blaðsins. Fyrir rúmu ári hóf Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, göngu sína undir ritstjórn Hafliða Helgasonar. Tímaritið Birta hefur fylgt Fréttablaði-

HÚS FRÉTTABLAÐSINS Ritstjórn Fréttablaðsins hefur í dag aðsetur í Skaftahlíð 24.

inu einu sinni í viku frá mars 2003. Í apríl 2004 hóf Allt-blaðið göngu sína. Það er í miðju Fréttablaðsins dag hvern, þar er að finna umfjöllun um ýmis konar efni sem tengist lífsstíl fólks, efnisflokkadur auglýsingar, smá- og raðauglýsingar. Ritstjórnar Birtu og Allt-blaðsins eru Steinunn Stefánsdóttir og Sigríður B. Tómasdóttir.

Nú starfa alls 150 við Fréttablaðið, við skrif, ljósmyndun og umbrot, auglýsinga og markaðsdeild, ýmist í fullu starfi eða að hluta við Fréttablaðið. Þar að auki vinna á annað þúsund blaðberar við að bera blaðið út.

Blaðinu er dreift um land allt og prentað í rúmlega 100.000 eintökum í Ísafoldarprentsmiðju. Þess má geta að þar er verið að stækka prentvélina – þegar því er lokið mun prentun gangar hraðar og öruggar fyrir sig en nú.

Margir leggja því hönd á plóg dag hvern til að koma blaðinu til lesenda. Starfsfólkið er stolt af afurðinni en ætlar sér líka að halda áfram að gera betur og láta blaðið vaxa og dafna.

sigridur@frettabladid.is

Betri heyrn -bætt lífsgæði

Þjóðum ýmsar gerðir af nýjustu kynslóð

heyrnartækja frá Oticon.

Pantaðu þér tíma í heyrnarmælingu

og fáðu ráðgjöf um hvernig þú getur

bætt heyrnina þína.



Erum með þjónustu á Norðurlandi - Ísafirði - Egilsstöðum og Vestmannaeyjum

Heyrnartækni

www.heyrnartækni.is

Glæsibær | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880



FYRSTA FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐAÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU Á myndinni má sjá Svein Eyjólfsson, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Smára Egilsson, Pétur Gunnarsson og Eyjólfur Sveinsson skoða fyrstu eintök Fréttablaðsins aðfarnott 23. apríl 2001.

STIKLUR ÚR SÖGU FRÉTTABLAÐSINS



23. APRÍL 2001
Fyrsta tölublaðið kemur út.

25. MAÍ 2002
Fréttablaðið kemur líka út á laugardögum.

12. JÚLÍ 2002
Fréttablaðið kemur út að nýju eftir gjaldþrot Fréttablaðsins ehf.

18. SEPTEMBER 2002
Akureyri bætist í dreifikerfi Fréttablaðsins.

OKTÓBER 2002
62% landsmanna lesa Fréttablaðið í viku hverri.



14. MARS 2003
Birta hefur göngu sína.

27. MARS 2003
Suðurnes bætast í dreifikerfið.

MARS 2003
82% lesa Fréttablaðið í viku hverri.

13. JÚLÍ 2003
Sunnudagsútgáfa Fréttablaðsins hefst.

allt

2. APRÍL 2004
Allt-blaðið hefur göngu sína.

MARKAÐURINN

8 APRÍL 2005
Markaðurinn hefur göngu sína.

OKTÓBER 2005
87% landsmanna lesa Fréttablaðið í viku hverri.



BORIÐ Í HÚS Fréttablaðinu var frá upphafi dreift í hvert hús á höfuðborgarsvæðinu en síðar bættust Akureyri og Suðurnes við. Auk þess er blaðinu dreift á Selfossi, í Hveragerði, á Akranesi og í Borgarnesi.



Á RITSTJÓRN FRÉTTABLAÐSINS Fjöldmargir starfsmenn vinna á ritstjórn Fréttablaðsins sem kemur út nánast alla daga ársins.

Ársfundir

Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins árið 2006

verða haldnir fimmtudaginn 27. apríl 2006 í sölum H og I, Nordica Hótel í Reykjavík.



Ársfundur Lífeyrissjóðs lækna hefst kl. 17.15, salur I

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.



Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins hefst kl. 17.15, salur H

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.



Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins, sameinaðs sjóðs Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins, hefst kl. 18.00, salur H.

Dagskrá

1. Stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2006.
2. Kynning á markmiðum og fjárfestingarstefnu.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Kosning stjórnar. Kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til tveggja ára og einn aðalmann í stjórn til þriggja ára. Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.
5. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Opnum á nýrri vefsíðu – www.almenni.is – kynning á síðunni.
8. Önnur mál.

Fyrir fundinn og milli funda munu ráðgjafar veita upplýsingar um sjóðinn, þjónustu við sjóðfélaga og ráðgjöf um samsetningu lífeyrisréttinda. Að fundi loknum verður boðið upp á pinnamat og fingrafæði undir ljúfum tónum félaga úr FÍH.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

**Stjórnir Lífeyrissjóðs lækna
og Almenna lífeyrissjóðsins.**

Hræringar þessar tengdust efnahagslegum, pólitískum og lagalegum titringi á miklu umbreytingaskeiði í íslensku þjóðfélagi. Fréttablaðið er fimm ára í dag, 23. apríl 2006. Þrátt fyrir ungan aldur hefur blaðið verið stórvirkur áhrifa-valdur. Eftirfarandi atriði eru áhuga-verð fyrir umræðuna um áhrif blaðsins á fjölmiðlaumhverfið.

Viðskiptahugmyndin

Segja má að sjálf viðskiptahugmyndin hafi ekki verið ný. Hún gekk út á að gefa út blað, dreifa því til sem flestra án endurgjalds og nota hina miklu dreifingu til að höfða til auglýsenda sem væru þá líklegri til að falla fyrir hagstæðu snertiverði, sem svo er kallað, að þurfa að borga tiltölulega lítið fyrir að ná athygli hvers og eins lesanda. Ýmis héraðsfréttablöð hér á landi höfðu áttað sig á þessu og nánast komið undir sig fótonum með nákvæmlega þessari aðferð, þótt mörg hafi raunar þurft að hverfa aftur til þess að rukka fyrir áskrift, meðal annars vegna smæðar markaðarins og krafna um ritstjórnarefni. Eins voru á seinni hluta tíunda áratugarins að koma fram í Evrópu hins svokölluðu „metro“ blöð sem dreift er frítt á fjölförnum stöðum svo sem í lestarkerfum, og byggja alfarið á auglýsingatekjum. Nýj-ungin fólst hins vegar í útfærslunni – að búa sér til stóran markað og dreifa fullburða dagblaði í hvert hús. Þannig var hægt að ná hagstæðu snertiverði fyrir auglýsendur og nota þann ávinning í að fjármagna ritstjórnarskrif, sem gátu þó augljóslega aldrei orðið eins viðamikil og þegar beinlínis er verið að selja ritstjórnarskrifin sjálf.

Í þessu fólst jafnframt möguleiki til að nota hið mikla dreifingarkerfi sem sjálfstæða tekjulind með því að dreifa kynning-

Fréttablaðið og fjölmiðlaumhverfið

Óhætt er að segja að fáa hafi grunað í lok mars 2001 þegar fyrst var tilkynnt að nýtt dagblað myndi líta dagsins ljós á Íslandi mánudaginn 23. apríl það ár, hversu mikil bylting var í vændum. Næstu fimm árin átti þetta blað, beint eða óbeint, eftir að valda miklum hræringum á fjölmiðlamarkaði.

Brenton nefnir annað dæmi: „Í jólafríinu á fyrsta tímabilinu eftir að ég fékk ríkisborgararéttinn var eitt dagblaðið að gera upp fyrri hluta tímabilsins og birti lista yfir tölfræði íslensku leikmannanna. Ég var ekki á þessum lista þrátt fyrir að hafa verið í hópi stíghæstu manna. Ég var einfaldlega ekki skilgreindur sem Íslendingur. Síðan fletti ég á næstu blaðsíðu og þar var frétt um valið á liðunum í Stjörnuleikinn árlega. Þar spiluðu íslenskir leikmenn gegn erlendum og ég var valinn í íslenska liðið. Á annarri blaðsíðu var ég þeirri næstu var ég Íslendingur," útskýrir Brenton og getur ekki annað en brosað. „Í dag hefur þetta ekki mikil áhrif á mig en óhjákvæmilega sárnar manni þegar maður upplifir svona tvöfalt síðgæði. Þetta er náttúrulega ákveðin mismunur," segir hann.

Aldrei í liði ársins

Það eru þó ekki aðeins fjölmiðlarnir sem eiga erfitt með að muna að Brenton er

Íslendingur. Leikmenn deildarinnar virðast margir hverjir líta á Brenton sem erlendan leikmann. Skýrasta dæmið um það er sú staðreynd að á þeim fjórum tímabilum sem Brenton hefur leikið hér á landi sem Íslendingur hefur hann aldrei verið valinn í lið ársins, þó að flestir geti verið sammála um að ærin ástæða hafi verið til. Það eru leikmennirnir sem hafa atkvæðisrétt í þessu kjöri, sem árlega er tilkynnt á lokahófi KKÍ. Nú síðast var hann sniðgenginn á föstudagskvöldið var þegar lokahófið fór fram.

„Ég vil ekki hljóma hrokafullur en ég ætla ekki að leyna því að mér finnst ég hafa átt skilið að vera valinn í þetta úrvalsið," segir Brenton, en á þó ekki endilega við um tímabilið í ár enda hafi það verið nokkuð frá því að geta talist hans besta. Brenton var frábær tímabilið 2001-2002 og var, að öðrum ólöstuðum, maðurinn sem leiddi Njarðvík að Íslandsmeistararitlinum það ár. „Eftir þá leiktíð gerði ég mér vonir um að verða valinn besti leikmaður deildarinnar. En ég hlaut ekki þann titil, Jón Arnór Stefánsson var valinn bestur og ég tek ekkert af honum, hann er frábær leikmaður og ég samgladdist honum innilega. Samt sem áður fannst mér framlag mitt til Njarðvíkur það ár vera meira en hjá nokkrum öðrum leikmanni deildarinnar. En ég var ekki einu sinni valinn í lið ársins," segir Brenton.

Ástæðan fyrir fjarveru Brentons í þessu liði öll þessi ár virðist þó ekki vera sú að leikmenn deildarinnar telji hann ekki eiga skilið að vera talinn í hópi þeirra íslensku, heldur virðist sem um einfalda gleymsku sé að ræða.

„Það hefur gerst að skömmu eftir að úrvalsið er tilkynnt hafa leikmenn komið til mín og sagt: Veistu, ég hreinlega gleymdi því að þú ert gjaldgengur í þetta lið. Auðvitað átt þú að vera þarna," segir Brenton. „Síðan kemur sami leikmaður stuttu síðar og spyr mig hvort ég ætli ekki að mæta á landsliðsæfingu í næstu viku," bætir Brenton við og skellir upp úr.

„Þetta er hálfgerður brandari, það verður að segjast. En það er leiðinlegt að geta ekki átt von á því að fá einstaklingsverðlaun í lok tímabilsins þar sem ég er ekki viðurkenndur sem Íslendingur. En um leið segja reglurnar að ég er ekki verið vera verðlaunaður í flokki erlendra leikmanna, einmitt vegna þess að ég er íslenskur. Svona er þetta öfugsniúð.“

vignir@frettabladid.is



SUNNUDAGSPENNINN EINAR LOGI VIGNISSON

Sundurleit áhöfn gula kafbátsins

Stemningin þessa dagana virðist í þá átt að fylgismenn fallettar knattspyrnu vilja langflestir sjá Arsenal mæta Barcelona í úrslitum meistara-deildarinnar. Þannig hafa jafnvel hörðustu stuðningsmenn helstu andstæðinga Arsenal á Englandi fylkt sér að baki liðinu og nokkurn veginn allur knattspyrnuheimurinn sýnist mér syngja Barcelona lofsöng. Þó að flestir viti að leikmenn AC Milan geti leiftrað á köflum umlykur leiðindamyrkur liðið lengst af. Heimafyrir þvælist andúð gegn Berlusconi fyrir liðinu, á alþjóðavettvangi andúð á því hvernig ítölsku liðin hafa þumbast í gegnum Evrópumótin undanengin ár. Í umræðunni um undanúrslitin gleymist þó eitt lið nánast alveg, smáliðið sem gengur undir gælunafninu „Guli kafbáturinn“ eftir hinum sýrða þöbbasöng Bitlanna.

Ekki tekið alvarlega

Sjálfsgagt er ein ástæðan fyrir því að hinir gulu gleymast sú trú að Arsenal sé líklegri til að veita Barcelona eða Milan verðuga keppni. Horft hefur verið til rokkandi gengis Villarreal í spænsku deildinni þar sem liðið er sem stendur í áttunda sæti. Liðið á þó ennþá fræðilegan möguleika á sæti í meistara-deildinni og kannski ekki óvarlegt að ætla að það lendi fyrir rest á áþekktum stað og blasir við Arsenal í deildinni.

Önnur ástæða og ekki síðri er sú að þrátt fyrir góðan árangur undanfarin ár eiga knattspyrnuáuddáendur fremur erfitt með að taka smáliðið alvarlega. Bólan hljóti að springa fyrir en síðar rétt eins og hjá Alavés sem skrönglaðist í

úrslit Evrópukeppni félagsliða fyrir fimm árum en hefur fátt afrekað meir. Gleymist að margt skilur á milli Villarreal og annarra „smærri“ liða sem hafa náð langt í Evrópumótum síðari ára. Í fyrsta lagi er meistara-deildin töluvert erfiðari vígvöllur en sú auma keppni félagsliða sem áður var minnst á. Í annan stað hefur því ekki verið gefinn verðugur gaumur að mínu mati hversu uppbygging liðs Villarreal er ævintýrlegt afrek, langt fram yfir það sem hefur gerst hjá öðrum „smáliðum“.

Búið til úr engu


Villarreal er lið sem hefur á örfáum árum nánast verið búið til úr engu og það sem meira er; þótt eigendur félagsins séu vel stöðir eru þeir engir olíufarar og fjárstuðningur þeirra við félagið er ekkert í líkingu við það sem tíðkast hjá öðrum félögum sem hafa verið heppin með eigendur. Og þar sem félagið er úr smábæ þar sem lítil knattspyrnuhefð er þá býr félagið ekki að þeim fjölda stuðningsmanna og þeirri sterku hefð sem fleytt hefur liðum á borð við Porto, Lyon, PSV og fleiri „minni“ spá-

mönnum langt síðustu ár.

Forseti félagsins, Fernando Roig Alfonso, er frá Valencia og sat áður í stjórn liðs heimaborgar sinnar. Hann

tók við Villarreal árið 1997 er liðið var í þriðju deild. Vila-real er 50.000 manna smábær í nágrenni Valencia. Roig náði með persónu-töfrum sínum að lokka nokkra kunna en brokkgenga leikmenn til liðsins. Datt niður á formúlu sem hefur virkað; fyllti gula kafbátinn af sundurleitri áhöfn, það sem enskir kalla „motley crew“. Sót-raftar sem ekki höfðu plumað sig annars staðar voru dregnir á flot. „Flestir sem hafa komið hingað hafa kannski hugsað sem svo að þeir fengu að minnsta kosti tækifæri til að spila og að pressan væri minni hér en hjá stóru liðunum. En þeir hafa síðan komist að því að hér er rekinn alvöru klúbbur þar sem agi og skipulag ríkir og harðskeyttir stuðningsmenn gera El Madrigal jafn ógnvekjandi og miklu fjölmennari vellir“ segir fyrirliðinn Quique Álvarez sem leikið hefur einna lengst með liðinu. Ferill Quique er dæmigerður fyrir leikmenn Villarreal, hann hóf ferillinn hjá Barcelona þar sem hann spilaði einungis einn leik og vomaði í vonleysi hjá smáliðinu Lleida þegar Roig sjanghæjaði hann um borð.

Þótt Villarreal eigi, að Juan Román Riquelme frátöldum, ekki sömu glansspilara og Börsungar og Arsenal hefur liðið oft á tíðum leikið mjög skemmtilegan fót-bolta. Komist yfir erfiðar hindranir í meistara-deildinni og skyldi enginn vanmeta liðið. Væri sómi að liðinu í úrslitum og víst er að utan Barcelona styðja flestir á Spáni kafbátinn gula. Liggi leiðin í úrslit gegn Börsungum gæti þó gætt vanmáttarkenndar því báðir deildarleikir vetrarins hafa tapast. Slík viðureign gæti mögulega orðið endurtekning á aumri og ójafnri alspænskri úrslitarimmu Valencia og Real Madrid í París fyrir fimm árum, en úrslitaleikurinn í vor fer einmitt fram þar í borg.



FRÉTTAÞABLAÐ/TEITUR



NÝTT MET Schumacher hefur 66 sinnum verið á ráspól. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kappaksturinn í San Marino:

Schumacher setti nýtt met

FORMÚLA 1 Þýski ökuþórin Michael Schumacher setti nýtt met í gær þegar hann náði ráspólum í tímatöku fyrir kappaksturinn í San Marino sem fram fer í hádeginu í dag. Enginn ökumaður í sögu Formúlu 1 hefur oftast verið á ráspól en Schumacher en hann hefur 66 sinnum sigrað í tímatökum. Með því að ná besta tímanum á Imolabrautinni í gær sló hann tólf ára gamalt met Ayrtons Senna.

Það var vel við hæfi að Schumacher næði þessum áfanga á Imola sem er heimavöllur Ferari. Senna er einn allra besta ökumaður allra tíma en hann lést á brautinni árið 1994.

Jenson Button og Rubens Barrichello, ökumenn Honda, höfnuðu í öðru og þriðja sæti í tímatökunni í gær. Felipe Massa varð fjórði, heimsmeistarinn Fernando Alonso fimmti og Ralf Schumacher sjötti. - egm

Allt hægt með góðum stuðningi frá áhorfendum

Kvinnalið Vals leikur í kvöld klukkan 20 við rúmenska liðið Constanta í Laugardalshöllinni. Þetta er síðari viðureign liðanna í Áskorendakeppninni.

HANDBOLTI Það er á brattann að sækja fyrir Valsstúlkur eftir að þær töpuðu fyrri leiknum gegn Constanta í Rúmeníu með tólf marka mun, 25-37. Þetta er undanúrslitaviðureign í Áskorendakeppni Evrópu og því ekki annað hægt að segja en árangur Vals sé frábær og biðja stelpurnar um stuðning frá áhorfendum í kvöld en fjölmörg fyrirtæki tóku höndum saman og verður ókeypis á leikinn.

„Það er erfitt að hafa tólf marka tap á bakinu eftir fyrri leikinn en ég held að með góðum stuðningi áhorfenda þá sé allt hægt. Við stefnum fyrst og fremst að því að vinna leikinn í kvöld og svo er bara að sjá hve langt við komumst á því. Það er ekki sniðugt að fara í leik og setja stefnuna á að vinna með þrettán mörkum, ef staðan er jákvæð í hálfleik þá er kannski hægt að setja sér önnur markmið,“ sagði Berglind Hansdóttir, markvörður Vals, í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta lið er mjög sterkt og með



BERGLIND HANSDÓTTIR Varði sextán skot í fyrri leiknum. Hér freistar hún þess að verja vítakast. FRÉTTABLAÐIÐ

góða leikmenn í sínum röðum. Þær hafa mjög sterka skyttu og góða miðjumenn, svo eru markverðirnir mjög góðir. Við spilðum mjög lélega vörn í byrjun fyrri leiksins og gerðum klaufaleg mistök í sókninni sem gerði það að verkum að

þær fengu auðveld mörk úr hraða-upphlaupum. Það gerði gæfumuninn fyrir þær,“ sagði Berglind en hún segir að allt geti gerst í kvöld ef liðið fær góðan stuðning frá áhorfendum.

Rúmenska liðið var með 21-8 forystu í hálfleik í fyrri leiknum en Valsliðið fór illa að ráðum sínum og misnotaði til að mynda sjö vítaköst. Allt annað var að sjá til liðsins í seinni hálfleik og er vonandi að það nái að byggja ofan á það í leiknum í kvöld.

„Það hefur verið í einu orði sagt frábært að taka þátt í þessari keppni. Þvílík upplifun og gríðarleg reynsla sem við fáum út úr þessu. Við hvetjum alla til að mæta í Laugardalshöllina en það verður rosalega flott umgjörð, tónlistaratriði og ýmislegt fleira,“ sagði Berglind. Ef Valsstúlkur ná að vinna upp þessa forystu rúmenska liðsins komast þær í úrslitin sem væri besti árangur íslensks félagsliðs frá upphafi. elvar@frettabladid.is



KOMINN Í GANG Hér má sjá Heinze í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Manchester United:

Heinze spilaði í klukkutíma

FÓTBOLTI Argentínski varnarmaðurinn Gabriel Heinze er kominn af stað aftur en hann lék í meira en klukkutíma fyrir varalið Manchester United sem vann varalið Aston Villa 1-0 í gær. Heinze er 28 ára og hefur ekkert spilað síðan í september þegar hann sleit krossbönd í hné gegn Villareal í Meistaradeildinni.

Heinze var einn besti leikmaður United á síðasta tímabili og hefur hans verið saknað í vinstri bakverðinum í vetur. Hann lék feikilega vel í gær, átti margar hörkutæklingar og bjargaði einu sinni á marklínu. Kieran Richardson og Quinton Fortune spiluðu einnig í leiknum en þeir hafa átt við meiðsli að stríða. - egm

Undanúrslit deildabikarsins:

FH og Þór mætast í dag

FÓTBOLTI Undanúrslitin í A-deild deildabikars karla hefjast í dag þegar Íslandsmeistarar FH mæta 1. deildarliðinu Þór frá Akureyri. Leikurinn fer fram í Fifunni í Kópavogi kl. 17.00 í dag en honum var flýtt þar sem FH-ingar fara til Færeyja um næstu helgi og mæta þar B36 í leik um Atlantic-bikarinn.

Síðari undanúrslitaleikurinn fer fram í Egilshöll á fimmtudag, en þar mætast Keflavík og ÍBV. Úrslitaleikurinn fer síðan fram mánudaginn 1. maí og verður háður á Stjörnuvelli. - egm



ALAN SHEARER Goðsögn í lifanda lífi hjá Newcastle. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Alan Shearer:

Ánægður með ferilinn

FÓTBOLTI Alan Shearer hefur spilað sinn síðasta leik sem atvinnumaður en tímabilinu er lokið hjá honum vegna meiðsla. „Það er svekkjandi að hætta svona en ég sé ekki eftir neinu, ég hef átt frábæran feril,“ sagði Shearer sem skoraði sitt síðasta mark gegn Sunderland úr vítaspyrnu um síðustu helgi. Hann er markahæsti leikmaður í sögu ensku úrvalsdeildarinnar með 260 mörk en Andy Cole kemur honum næstur með 184.

„Draumur minn sem patti var að leika fyrir Newcastle og skora mörk á St. James' Park. Það skiptir ekki öllu að ég hafi ekki unnið titil með félaginu þar sem ég gerði þetta á minn hátt og upplifði drauminn. Að spila fyrir klúbbinn sinn er manni allt,“ sagði Shearer sem skoraði 379 mörk í 733 leikjum á átján ára ferli sínum fyrir Southampton, Blackburn og Newcastle.

„Þetta eru endalokin en ég á magnaðar minningar eftir. Að ég muni ekki spila síðustu þrjá leikina er svekkjandi en ég kvarta ekki. Hvernig gæti ég það?“ sagði þessi magnaða markaskorari. - hph

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 26.171 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér



HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Ciudad Real með pálmann í höndunum

Ólafur Stefánsson og félagar hans í Ciudad Real eru í góðri stöðu eftir fyrri leikinn gegn löndum sínum í Portland San Antonio í úrslitum Meistaradeildarinnar. Ciudad vann fyrri leikinn í gær, 25-19, þar sem Ólafur fór á kostum.

HANDBOLTI Leikurinn hófst með mikilli hörku, sérstaklega af hálfu heimamanna sem tóku fast á gestum sínum í Ciudad Real. Ciudad komst í 2-0 en Portland gekk illa að finna glufur í vörn gestanna auk þess sem Arpid Sterbik, markmaður Ciudad, átti einn besta leik sinn á ferlinum.

Þessi frábæri markmaður hreinlega lokaði markinu og varði hvað eftir annað, úr hvaða færum sem var og fyrsta mark Portland kom ekki fyrr en eftir sex mínútna leik. Á fyrstu 25 mínútum hálfleiksins skoruðu heimamenn aðeins þrjú mörk, sem verður að teljast ótrúlegt í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

Kasper Hvidt, markmaður Portland, átti einnig frábæran dag og það var einungis honum að þakka að Ólafur og félagar afgreiddu ekki leikinn í fyrri hálfleiknum. Þeir voru klaufar á tíðum og hefðu hæglega getað skorað fleiri en þau ellefu mörk sem þeir skoruðu í fyrri hálfleik. Þeir héldu Portland aftur á móti í aðeins sex mörkum, en á síðustu fimm mínútum hálfleiksins tvöfölduðu þeir markatölu sína.

Ivano Balic, hinn ógnarsterki Króati í liði Portland, náði sér engan veginn á strík. Hann er lykilmaður liðsins en átti hreinlega slakan dag og hafði meiri áhyggjur af dómurum leiksins en lélegum leik liðs síns. Sóknarleikur Portland var í molum og einstaklingar ætluðu sér um of í stað þess að vinna sem liðsheild.



SIARHEI RUTENKA Fagnaði sem óður maður í gær líkt og stuðningsmenn Ciudad sem dönsuðu stríðsdansa á pöllumunum í Portland. NORDICPHOTOS/AP

Lítill hreyfing var á boltalausum mönnum og vandræðaleg sóknin galt þess.

Liðsmenn Ciudad lét kné fylgja kviði í síðari hálfleik og höfðu öll völd á vellinum og virtust þeim allir vegir færir. Sóknarleikur þeirra var þó ekki upp á sitt besta í fyrri hálfleik en eftir að Ólafur Stefánsson kom inn á eftir að hafa byrjað leikinn á bekknum, lagaðist leikur liðsins til muna. Ólafur átti frábæran dag, skoraði fimm mörk og lagði upp mörk í sífelli fyrir féлага sína.

Ciudad slakaði þó of mikið á

undir lokin og Portland gekk á lagið. Þeir náðu að minnka muninn jafnt og þétt þegar þeim tókst loksins að sýna sínar réttu hliðar. Ciudad hafði yfir 21-12 en Portland náði að minnka muninn í sex mörk áður en yfir lauk, 19-25. Ciudad stendur því með pálmann í höndunum fyrir síðari leikinn sem fer fram á ógnarsterkum heimavelli þeirra um næstu helgi þar sem Ólafur getur tryggt sér sinn annan Meistaradeildartitil eftir að hafa unnið hann undir stjórn Alfreðs Gíslasonar árið 2002 með Magdeburg. hjalti@frettabladid.is

Ævintýraferð til Kína og Tíbet 1.-15. ágúst

Í samstarfi við Kínversk-íslenska menningarfélagið býður Kuoni einstaka ferð til Kína. Í ferðinni verða tvinnnaðar saman heimsóknir til höfuðborgarinnar Beijing og undralandsins dulúðlega Tíbet. Ferðin er öllum opin en sætaframboð er mjög takmarkað. Íslenskur fararstjóri fer fyrir ferðinni.


Nákvæm ferðalýsing liggur frammi á heimasíðu okkar, www.kuoni.is.

VERÐ Á MANN Í TVÍBÝLI FRÁ

294.555 kr.

MIDAST VIÐ GENGISSKRÁNINGU 18. APRÍL.

Í BOÐI ER KYNNISFERÐAPAKKI Í BEIJING MEÐ 4 KYNNISFERÐUM FYRIR 15.950 KR. Á MANN.



PANTAÐU ÞÍNA FERÐ Í SÍMA 5 100 300

Langferðir Holtasmára 1 201 Kópavogi Sími 5 100 300 Símbréf 5 100 309



Dethleffs hjóhýsi. Skoðuðu hvern krók og kima – þá koma yfirburðir í ljós.

Skemmtilega dótabúðin

Verið velkomin í stóran og rúmgóðan sýningarsal Gísla Jónssonar að Kletthálsi 13. Þar geturðu á einum stað skoðað hjóhýsi, tjaldvagna, fellihýsi, pallhús, báta, utanborðsmótora og margt, margt fleira. Við bjóðum aðeins upp á heimspekt vörumerki og gerum engar málamiðlanir í þeim efnum! Velkomin í skemmtilegustu dótabúð landsins!



Camp-let Savanne

Léttur og sterkur, fallett nýtt fortjald, auðveldur í tjöldun, 13" dekk og margt fleira. Savanne er nýr og spennandi kostur.



Starcraft RT fellihýsin, góð fyrir jeppann og betri fyrir fjölskylduna. Þú ferð lengra með Starcraft RT „off-road“ fellihýsið.



Isabella fortjöld

Fortjöldin sem Íslendingar þekkja af góðu einu.



Mustang hestakerrur

Glæsilegar hestakerrur frá framleiðanda Camp-let tjaldvagnanna.



BRP fjórhjól

Outlander 800 – Vinsælasta og afmesta fjórhjól. Eina fjórhjól sem fæst í tveggja manna staðalútgáfu. Mikilið af aukahlutum.



Johnson-Evinrude utanborðsmotorar

Utanborðsmotorar frá Johnson-Evinrude í öllum stærðum.



Steady plastbátarnir

eru úr niðsterku plastefni og sameina alla helstu kosti hefðbundinna plastbáta og slöngubáta.



GÍSLI JÓNSSON

Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisti.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You want to know something, Leslie? If I live to be ninety, I will never figure you out.“

Jordan 'Bick' Benedict úr Giant frá 1956
Svar:

dagskrá



Í TÆKINU **BURT REYNOLDS** LEIKUR Í EVERYTHING YOU WANTED TO KNOW... Á SKJÁ EINUM KL. 22.40

Hafnaði hlutverki James Bond og Han Solo

Burton Leon Reynolds Jr. fæddist árið 1936 og kappinn hélt upp á sjötugsafmælið sitt fyrir ekki svo löngu. Á unglingsaldri flutti Reynolds ásamt fjölskyldu sinni til Flórída þar sem Reynolds meðal annars stundaði nám í fylkisháskólanum. Þar varð hann að stjórnu fyrir leikni sína í amerískum fótbolta og munaði litlu að hann fengi atvinnumannssamning í NFL-deildinni. Meiðsli eftir bifreiðaróhapp kom hins vegar í veg fyrir frekari frama á þeim vettvangi og Reynolds hélt til New York til þess að gerast leikari.

Það var svo í byrjun áttunda áratugarins að boltinn byrjaði almennilega að rúlla hjá Reynolds. Árið 1972 lék hann í myndinni Deliverance. Næsta áratug skein stjarna Reynolds skært þangað til í lok níunda áratugarins að hann hvarf hratt úr sviðsljósinu. Ferli Reynolds var hins vegar bjargað fyrir horn um 1990 þegar Reynolds fékk aðalhlutverkið í sjónvarpsþát-



unum um B.L. Stryker. Ferill Burts Reynolds hefur síðan hieldur betur fengið uppreisn æru á undanföllum árum með leik hans í myndum á borð við Boogie Nights, Driven, Mystery, Alaska og The Longest Yard.

Einkalíf Reynolds var ætíð mikið í sviðsljósinu enda var hann kyntákn á sínum sokkabandsárum og birtist meira að segja nánast nakinn á forsiðu Cosmopolitan árið 1972. Hann átti einnig í stórmisöllum samböndum við konur á borð við Loni Anderson og Sally Fields.

Reynolds verður þó að teljast einn sá óheppnasti í bransunum hvað varðar val hans á hlutverkum, og þó einkum hverjum hann hefur hafnað. Meðal hlutverka sem Reynolds hefur hafnað má nefna James Bond, Han Solo í Star Wars, John McClane í Die Hard og hlutverki í myndinni Terms of Endearment sem Jack Nicholson fékk óskarinn fyrir.

Þrjár bestu myndir Burt:

Deliverance - 1972, Boogie Nights - 1996, Smokey and the Bandit - 1977



20.10
Heimild

SKJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunundin okkar 8.03 Skordýr í Sólarlaut (19:26) 8.26 Brummi (21:26) 8.38 Hopp og hí Sessamí (50:52) 9.06 Stjáni (46:52) 9.28 Sígildar teiknimyndir (32:42) 9.38 Sögur úr Andabæ (53:65) 10.00 Gældýr úr geimnum (6:26) 10.25 Latibær 10.55 Spaugstofan 11.30 Formúla 1

14.00 Jörðin (3:5) 14.50 Fimm rithöfundar 15.50 Ómur af söng 16.50 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (1:4) 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar 18.28 Geimálfurinn Gígur (7:12)

18.40 Friðarbúðir Spænsk barnamynd.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós

20.10 Kórin Heimildarmynd eftir Silju Hauksdóttur um Léttveit Reykjavíkur sem er 120 kvenna kór. Fylgst er með kórfélögum á æfingum, tónleikum og við fjárföng og slegist í för með kórnum til Veróna, Feneja og í útleigu í Galtalæk. Framleiðandi er Björn Brynjólfur Björnsson fyrir Spark. Textað á síðu 888 í Textavarp.


21.40 Helgarsportíð

22.05 Heitt í kolunum (Some Like It Hot) Bandarísk bíómynd frá 1959. Tveir tónlistarmenn sem verða vitni að mafíumorði flyja fylkið í kvenmannsgervi. Leikstjóri er Billy Wilder og meðal leikenda eru Marilyn Monroe, Tony Curtis og Jack Lemmon.

0.05 Kastljós 0.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Wild About Harry 8.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 10.00 Edward Scissorhands 12.00 My House in Umbria 14.00 Wild About Harry 16.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 18.00 Edward Scissorhands 20.00 My House in Umbria 22.00 Murder by Numbers Stranglegra bönnuð börnum. 0.00 Reign of Fire (Bönnuð börnum) 2.00 Kin (Bönnuð börnum) 4.00 Murder by Numbers (Stranglegra bönnuð börnum)



22.05
Vestri

SIRKUS

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Oobi, Töfravagninn, Myrkfælnu draugarinn, Engie Benji, Noddy, Charlie & Lola, Tiny Toons, Ofurhundurinn, Batman, Horance og Tína, Ginger segir frá, Hjólagengið, Hestaklúbburinn, Sabrina – Unglingsnormin, Tvíburasysturnar)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 14.00 Neighbours 14.20 Neighbours 14.40 Neighbours 15.05 Það var lagið 16.20 Punk'd (8:8) (e) 16.45 Absolutely Fabulous (8:8) 17.15 Coupling 4 (e) 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Kompás

20.00 Sjálfstætt fólk

20.35 Cold Case (5:23) (Óupplýst mál) Árið 1954, var móðir hans níu ára gamla Otis lögð inn á geðdeild. Bönnuð börnum.

21.20 Twenty Four (12:24) (24) Str, bönnuð börnum.

22.05 Into The West (1:6) (Vestrið) Bandarísk sjónvarpsmynd í sex hlutum sem segir epíska sögu af örlögum tveggja manna á tímum landnámsins í Norður-Ameríku. Hér er um sannkallaða stórmynd að ræða sem sver sig í ætt við eftirminnilegar þáttaraðir á borð við Rætur. Með aðalhlutverk fer fjöldi kunnra leikara á borð við Josh Brolin, Skeet Ulrich, Will Patton, Rachel Leigh Cook og Matthew Settle.

23.35 The Sky Is Falling 1.20 Life on Mars (4:8) 2.05 The Guru 3.40 Freddy Vs. Jason (Stranglegra bönnuð börnum) 5.15 Absolutely Fabulous (8:8) 5.45 Fréttir Stöðvar 2 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



20.00
Stuð

SIRKUS

18.30 Fréttir NFS
19.05 Þrándur bloggar
19.10 Friends (13:24) (e)
19.35 Friends (14:24) (e)
20.00 Tívoli Dóri DNA mun fara með ýmsa þjóðþekta einstaklinga á heimaslóðir þeirra þar sem þeir munu leiða okkur í sannleikann um sín æskuár og segja frá eftirminnilegum atvikum.
20.30 Bernie Mac (2:22) (Love Thy Nephew)
20.55 Þrándur bloggar
21.00 My Name is Earl (e)
21.30 Invasion (15:22) (e) (Nest)Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarglegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.
22.15 X-Files (e) (Ráðgátur)Með mest spennandi þáttum sem gerðir hafa verið eru komnir aftur.

23.00 Þrándur bloggar 23.05 Me, Myself and Irene (Bönnuð börnum) 1.00 Smallville (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 The E! True Hollywood Story 14.00 The E! True Hollywood Story 16.00 Young, Rich & Famous 17.00 Gastineau Girls 17.30 Number One Single 18.00 10 Ways 18.30 Child Stars Gone Bad 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 Rich Kids: Cattle Drive 21.00 Gastineau Girls 21.30 Gastineau Girls 22.00 Number One Single 22.30 Wild On Tara 23.00 Party @ the Palms 23.30 Wild On Tara 0.00 101 Most Starficious Makeovers 1.00 101 Most Starficious Makeovers 2.00 101 Most Starficious Makeovers 3.00 Guilty 4.00 Guilty 5.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 6.00 101 Best Kept Hollywood Secrets



19.00
Bílar

SKJÁREINN

11.15 Fasteignasjónvarpið (e)

12.00 Cheers – öll vikan (e) 14.00 Homes with Style (e) 14.30 How Clean is Your House (e) 15.00 Heil og sæl (e) 15.30 Fyrstu skrefin (e) 16.00 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.00 Innlit / útlit (e) 18.00 Close to Home (e)

19.00 Top Gear Top Gear er vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárlíði og áhugaverðar umfjallanir.

19.50 Less than Perfect

20.15 Yes, Dear

20.35 According to Jim Cheryl mistekst hræðilega að gæsa Danu. Andy og Jim reyna að bæta fyrir það með því að þjóa Danu út á lífið.

21.00 Boston Legal

21.50 Wanted – NÝTT Sérsvait innan lögregluinnar í Los Angeles sem sér um að elta uppi hættulegustu glæpamenn borgarinnar er umfjöllunarefni þessara hörkuspennandi þátta.

22.40 Everything you always wanted to know... Sjó stuttar og sprenglæggilegar sögur um ýmsar hlíðar ástarlífsins.

0.05 C.S.I. (e) 1.00 Sex and the City (e) 2.30 Cheers (e) 2.55 Fasteignasjónvarpið (e) 3.05 Östövandi tónlist

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



13.15
Handbolti

SÝN

8.15 Súpersport 2006 8.20 Hápunktar í PGA mótaröðinni 9.15 NBA deildin 11.15 Íslands-mótið í hnefaleikum 2006

13.15 Meistaradeildin í handbolta (Portland – Ciudad Real) Leikur frá því í gær 14.50 Enska bikarkeppnin (Middlesbrough – West Ham) Bein útsending. 16.55 Spænski boltinn (Real Madrid – Malaga) Bein útsending.

19.00 PGA mótaröðin (Shell Houston Open)Bein útsending frá Shell Houston open í PGA mótaröðinni í golfi.

22.00 NBA deildin (NBA Playoffs)(NBA 2005/2006 – Playoff games)Bein útsending frá úrslitakeppninni í NBA deildinni.

0.00 Spænski boltinn (Sevilla – Barcelona) Útsending frá fyrr í dag af Sýn Extra.

ENSKI BOLTINN

11.50 Blackburn – Chelsea frá 22.04 13.50 Man. Utd. – Middlesbrough (b) 16.15 Arsenal – Tottenham frá 22.04

18.30 Man. Utd. – Middlesbrough Leikur frá því fyrr í dag.

20.30 Helgaruppgjör

21.30 Saga stórbjóðanna á HM: Þýskaland

22.30 Blackburn – Liverpool frá 16.04 Leikur sem fór fram síðast liðinn sunnudag.

0.30 Dagskrárlök

VÍSIÐ

VEF TV

NFS Í BEINNI
Á VISIR.IS
35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Some Like it Hot

Sjónvarpið kl. 22.05

Ærslafult leikaratrió

Kvikmyndin Some Like it Hot er án efnis af gullmolum kvikmyndasöggunnar. Myndin er frá 1959 og ættu allir að geta haft meira en lítið gaman af þessari margfrægu mynd. Leikaratrióið hefur lengi haldið uppi heiðri myndarinnar og hafa fá trío náð að feta í fótspor þeirra. Aðalhlutverkin eru í höndum Marilyn Monroe, Tony Curtis og Jack Lemmon en Curtis og Lemmon leika karlmenn sem þurfa að flýja í kvenmannslíki undan mafiunni með hlægilegum afleiðingum. Leikstjóri myndarinnar er enginn annar en Billy Wilder.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	8	4	6	3	5	2	7	9
3	9	7	2	8	1	6	4	5
5	6	2	4	7	9	8	1	3
8	5	1	3	2	6	4	9	7
9	4	3	8	5	7	1	2	6
2	7	6	9	1	4	5	3	8
4	3	8	5	9	2	7	6	1
6	1	5	7	4	3	9	8	2
7	2	9	1	6	8	3	5	4

		7						3
			7	1				
		6		5	9		4	
6	5						3	
	3	4				7	1	
	9					8		6
	2		5	6		4		
				2	1			
1							6	

► 19.10 Fréttir
KOMPÁS

10.00 Fréttir 10.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Þetta fólk

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/ 12.25 Sílfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Þetta fólk 16.00 Fréttir 16.10 Sílfur Egils 17.45 Hádegis E 18.00 Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður

► 19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.

20.00 Þetta fólk (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heims-hornafلاكara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framtíð heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess og sögu.

20.55 Sílfur Egils Umraeðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

22.30 Veðurfréttir og íþróttir

23.00 Kvöldfréttir 23.40 Síðdegisdagskrá endurtekin

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Raddir að handan 11.00 Guðsþjónusta

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikritið: Steinninn 13.45 Fíðla Mozarts 14.10 Tónar endurreisnar 15.00 Sögumenn: Eg þarf kannski að dulbúa mig betur 18.26 Seiður og hél 19.00 Afsprengr 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.22 Í deigluinni 22.30 Leikhúsmýslan 23.00 Andrarímur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfregir 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdis Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latíber / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Byltingarkennd nýjung í líkamsrækt

Komdu og prófaðu nýja skemmtilega tíma í Hreyfingu sem gefa topp árangur.

Árangur 1,2,3. - Alhliða hóppjálfun á einni klukkustund.

Mikil fitubrennsla, þolþjálfun, styrktarþjálfun.

Hóppjálfun með skemmtilegri tónlist og þú kemst í fínt form fyrir sumarið.

STRIVE
SMART STRENGTH



Strive 1,2,3.-tækin veita einhverja virkustu styrktarþjálfun í heimi! Vöðvar eru þjálfaðir á þrjá mismunandi vegu sem skilar topp árangri á skemmri tíma.



Kynntu þér málið. Hringdu í síma 414-4000 eða sendu post á radgjafar@hreyfing.is

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is



HRÓSIÐ

... fær Indriði klæðskeri fyrir að ætla sér að klæða danska karlmenn upp á og veita persónulega þjónustu.

HIN HLIÐIN HAUKUR INGI INGVARSSON, DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Á RÁS 1

Alltaf í sömu sokkunum

Hvað er að fréttu?

Skæruliðarnir hafa umkringgt Vatna-skóg.

Augnlitur?

Grænn eða brúnn; það er álitamál.

Starf?

Dagskráargerðarmaður á Rás 1 og svo hef ég tekið að mér stundakennslu við Háskóla Íslands. Ég vildi að ég gæti sagt að ég hefði atvinnu af skáldskap og ljóðagerð en trúlega flokkast það frekar sem dýrt áhugamál.

Fjölskylduhagir?

Peir eru mjög einfaldir.

Hvaðan ertu?

Karlar eru frá Mars, konur eru frá Venus. Um þetta þarf enginn að efast.

Ertu hjátrúarfull/ur?

Já; ég er alltaf í sömu sokkunum - alltaf.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?

Dolph&Wulff

Uppáhaldsmatur?

Spaghetti.

Fallegasti staður?

Reykjafjörður á Norður-Ströndum.

ipod eða geislaspilari?

ipod innanhúss; geislaspilari utanhúss — að vera með ipod innanhúss er eins og að vera með sólgleraugu á skemmtistað.

Hvað er skemmtilegast?

Það er skemmtilegast en um leið hættulegast þegar eitthvað nær algjöru kverkataki á manni og

maður gleymir öllu öðru; þetta getur gerst á tónleikum, á ferðalagi, við lestur góðra bóka, þegar maður á í skemmtilegum samræðum o.s.frv.

Hvað er leiðinlegast?

Útrásar- og efnahagsfréttir.

Helsti veikleiki?

Ég er mjög veikur fyrir bulli.

Helsti kostur?

Ég svara þessari þegar ég fer í þáttinn hjá Opruh.

Helsta afrek?

Og þessari þegar ég fer til dr. Phils.

Mestu vonbrigði?

Þegar tilkynnt var að herinn væri á förum.

Hver er draumurinn?

Sharab.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Ég á mjög erfitt með að gera upp á milli danska, fasiska, geðsjúka, bláa flóðhestsins Dolphs og samstarfsmanna minna þeirra Guðna Tómassonar og Eiríks Guðmundssonar. Ef Guðni og Eiríkur töluðu dönsku myndu þeir trúlega hafa vinninginn.

Á hvað trúirðu?

Ég trúir á meira og minna á allt sem John Lennon segist ekki trúa á í laginu God. En ég trúir ekki á Yoko Ono.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Jón Ársæll Þórðarson tekur hús á kraftajötninum Hjalta Úrsus Árnasyni í þætti sínum Sjálfstætt fólk á Stöð 2 í kvöld. Hjalti er eins og alþjóð veit annálað ljúfmenni en það breytir því ekki að Jón Ársæll gekk lemstraður af fundi hans, þarfnadist aðhlyningar og gengur nú með hönd í fatla. Ekki var þó um nein illindi að ræða en Jón vildi endilega reyna sig í afraunum við Hjalta og kraftakarlana félag hans og þeir fóru í sjómenn. Einn þeirra tók frekar harkalega á sjónvarpsmanninum margverðlaunada, rétt svona til þess að tryggja það að máttur hans og yfirburðir færu ekki milli mála, og viðureigninni lauk því þannig að Jón þurfti að láta binda um lúkuna.



Söngvarinn Garðar Thor Cortes heldur tónleika ásamt Katherine Jenkins, einhverri vinsælustu sópransöngkonu Bretlands, í Laugardalshöll þann 29. apríl. Allt útlit er fyrir að framhald verði á samvinnu Garðars og Jenkins en hún og hennar fólk hefur boðið Garðari að vera sérstakur gestur á tónleikaferð hennar um Bretland í haust en þá eru fyrirhugaðir hvorki meira né minna en 38 tónleikar. Þá hefur útgáfurisinn EMI falast eftir þriggja til fimm plötu samningi við Garðar. Garðar og umboðsmaður hans, Einar Bárðarson, hafa setið

nokkra fundi hjá EMI í London vegna þessa en hafa enn ekki gefið lokasvar og að sögn Einars hafa þeir ekki tekið neina ákvörðun í þessum efnum. -þþ



SIGURJÓN SIGHVATSSON: ÆTLAR SÉR STÓRA HLUTI MEÐ JÓN ARASON

Öxin og jörðin verður stórmmynd


„Ég hef haft áhuga á Jóni Árnasyni í mörg ár,“ segir Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi sem tryggði sér á dögunum kvikmyndaréttinn á sögulegri skáldsögu Ólafs Gunnarssonar um örlög biskupsins sem almennt er talinn síðasti miðaldahöfðinginn á Íslandi.

„Ég hef lesið margt annað um Jón en Öxina og jörðina, bæði sögulegar heimildir og bók Gunnars Gunnarssonar. Þegar ég las bók Ólafs mundi ég eftir því að þetta var eitthvað sem mig hafði alltaf langað til að gera og tók mér smá tíma í að móta þessa hugsun mína og velta fyrir mér hvernig mynd ég vildi gera.“

Sigurjón segir að þegar hann hafi fyrst íhugað að gera kvikmynd um Jón Arason hafi hann hugsað sér hana sem venjulega íslenska bíómynd en nú komi varla annað til greina en að gera „ameríska stórmmynd“ byggða á Öxinni og jörðinni. „Ég hef rætt þetta við Ólaf sem er mikill spekulant og áhugamaður um kvikmyndir og hann hefur ekki síst áhuga á amerískum bíómyndum og við erum sammála um að það sé rétt nálgun að gera ameríska stórmmynd með amerískum stjörnum, þó hún gerist auðvitað á Íslandi.“

Sigurjón segir að þetta hefði ekki verið hægt fyrir nokkrum árum án þess að eiga það á hættu að þetta yrði „ægilega hallærislegt“ og nefnir sem dæmi The Viking Sagas sem Íslendingar hafa hlegið að allt frá því hún var tekin upp hér á landi árið 1995. Forsendurnar séu hins vegar gjörbreyttar og „í dag er hægt að gera þetta á mun áhugaverðari hátt“.

Sigurjón hefur þegar fært hugmyndina í tal við handritshöfund myndanna K-19: The Widowmaker og Alexander sem Oliver Stone kvikmyndaði fyrir tveimur



SIGURJÓN SIGHVATSSON Stefnið að því að eyða meiri tíma á Norðurlöndum en í Los Angeles í framtíðinni. „Sonur okkar býr í Danmörku og þar eigum við barnabarn og það er ekkert eðlilegra en að maður reyni að færa sig nær fjölskyldunni þegar hún er að stækka og heimurinn að minnka.“

árum. „Næsta skref er að láta þýða bókina á ensku og sjá hver viðbrögð handritshöfundarins verða við henni.“

Sigurjón segir þó enn langt í land enda taki það nokkur ár að undirbúa gerð stórmýnda af þessu tagi. „Ég er til dæmis búinn að vera með aðra sögulega mynd í vinnslu í nokkur ár. Þetta er mynd sem byggir á bókinni The Devil in the White City sem fjallar um H. H. Holmes, fyrsta raðmorðingja Bandaríkjanna. Tökur á henni geta von-

andi hafist í haust en allur undirbúningurinn tekur sinn tíma.“

Sigurjón hefur búið í Los Angeles undanfarin 28 ár en hyggst nú færa sig nær heimahögunum og hefur komið sér upp heimili í Kaupmannahöfn þótt hann verði enn með annan fótinn í kvikmyndaborginni vestra. „Ég hef eytt mun meiri tíma í Skandinavíu undanfarin ár enda eru umsvifin þar að aukast. Ég þarf því að hafa aðstöðu í Kaupmannahöfn. Sonur minn býr líka í Danmörku og dótt-

ÓLAFUR GUNNARSSON

Getur vel hugsað sér Jón Arason í amerískri stórmmynd.

ir mín er jafnvel að íhuga nám þar þó ekkert sé ákveðið þannig að það liggur beint við að hafa fasta setu þar. Það er ekkert launungarmál ég hef aldrei ætlað mér að vera í Bandaríkjunum til eilífðar þannig að það má segja að þetta sé fyrsta skrefið í að flytja sig yfir. Aðspurður segir Sigurjón þó að lífið í Los Angeles sé alltaf jafn ljúft. „Það er kannski gallinn,“ svarar hann og hlær, „en kvikmyndabransinn hefur breyst svo mikið, bæði með tilkomu internetsins og nýrrar kvikmyndatækni að maður þarf ekki að vera hér öllum stundum eins og áður. Ég verð auðvitað helst að hafa skrifstofu hérna en fóst búseta er ekki nauðsynleg.“

thorarinn@frettabladid.is

Blóðugar ljósmyndir

Ljósmyndarinn Hákon Pálson leggur þessa dagana lokahönd á blóðugar ljósmyndir sem hann hefur verið að taka að undanförunum en laugardaginn 29. apríl mun hann opna sýningu á myndunum í Gallarí Geli við Hverfisgötu. Myndirnar eiga það allar sameiginlegt að vera af tónlistarfólki og blóð kemur við sögu á flestum þeirra. „Tónlistarmenn eru skemmtilegt fólk sem auðvelt er að mynda því það vill láta sjá sig,“ segir Hákon. Myndirnar eru teknar í Reykjavík og New York og segir ljósmyndarinn að þó myndirnar séu blóðugar þá séu þær fyrst og fremst fallegar enda geti blóð verið mjög fallegt. Hákon, sem er 21 árs, hefur undanfarið tekið tiskuljósmyndir fyrir Sirkusblaðið en hyggur á motorhjólaförðalag um Bandaríkin með haustinu og þá verður myndavélin að sjálfsgötu með í farteskinu.



FALLEGT BLÓÐ Tónlistarfólkið sem situr fyrir á myndum Hákons er bæði íslenskt og erlent.

allt tíska

Alla fimmtudaga

ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA

ICELANDAIR 

VINSÆLASTI SÖNGVARI Á
ÍSLANDI OG VINSÆLASTA
SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS

GARÐAR THÓR CORTES KATHERINE JENKINS

ÁSAMT 40 MANNA HLJÓMSVEIT
Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006

STJÓRNANDI GARÐAR CORTES

ERUM AÐ SELJA SÍÐUSTU MIÐANA

BYLGJAN
.....
20 ÁRA



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.CONCERT.IS
OG WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



ICELANDAIR

27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.

www.riteofspring.is



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Allt þetta blek

Ígær stóð ég í bókabúð á Lauga-vegi, með þúsund króna ávísun í annarri hendinni og svitastokkið enni og mig sundlaði. Málið er þetta: Eins og aðrir fékk ég glaðning inn um bréfalúguna í vikunni – þúsund króna Þjóðargjöf frá forleggjurum, bóksölum og Glitni. Ég varð vita-skuld hæstánægður, því bækur eru bestu gjafir sem hægt er að hugsa sér (nema auðvitað ef maður þarf á nýju líffæri eða einhverju svoleiðis að halda).

ÉG ætlaði að verja lunganum af gærdeginum í að velja réttu bókina sem ég myndi lesa frá upphafi til enda í dag, sem er jú Dagur bókarinnar. Það er freistandi að trúa því að sérstök kynngi hvíli á 23. apríl því varla er það tilviljun að Shakespeare, Cervantes, Gogol og Laxness – nokkur af mestu skáldum heimsbókmenntanna – hafi allir fæðst á þessum degi. Og gott ef sterkasti maður heims, Magnús Ver Magnússon, á ekki líka afmæli í dag. Ég verð reyndar að játa að upphafning mín á þessum tiltekna punkti dagatalsins er ekki hlutlaus, því sjálfur fæddist ég á þessum degi. Mér hefur meira að segja verið lýst sem blöndu af Kiljan og Magnúsi Ver; að ég hefði skáldagáfu Magnúsar og vöðva-massa hins.

PEGAR ég kom loksins í bókabúðina dundi hins vegar ógæfan yfir; úrvalið var yfirþyrmandi og valkvíði á hæsta stigi tók af mér öll völd. Þá, eins og fyrir guðlega forsjón, gekk margverðlaunaður og ástsæll rithöfundur inn í búðina. Hann stakk höndinni í innanávasa mógræna flauelsjakkans sem hann var í og dró fram Glitnisávísunina sína og var greinilega í sömu erindagjörðum og ég. Þar sem höfundur þessi er rómaður fyrir smekkvísi, fágun og greind taldi ég það óbrigðult að fylgja honum eftir og kaupa einfaldlega sömu bók og hann. Ég veitti honum eftirför í þrjú kortér. Lengst af stóðum við gegnt hvor öðrum og flettum myndskreyttu útgáfu af DaVinci lyklinum. Þegar hann áttaði sig á að ég var að fylgjast með honum, varð hann flóttalegur á svip og hraðaði sér að nálægri hillu og fór að grufla í ljóðabókum á tungum sem ég ekki skil.

ÞAR fór það. Ég vafraði þarna um í klukkustund í viðbót, en allt kom fyrir ekki. Starfsfólkinu var greinilega hætt að standa á sama og þegar afgreiðslukona spurði mig varfærnislega: „Ertu bara einn hérna, vinur?“ var mér nóg boðið. Ég gekk sneypur út og niðurlægður og bölvaði ávísuninni í hljóði. Sem ég gekk niður að Lækjargötu blasti við útibú Glitnis og mér varð hugsað til Bjarna Ármannssonar. Ætli hann myndi leyfa mér að nota ávísunina til þess að borga inn á yfirdráttinn?



VETURINN ER KOMINN!

Vetraráætlun Iceland Express er komin í sölu.

» Flugáætlun Iceland Express fyrir næsta vetur er komin í sölu. Eðli málsins samkvæmt eru ódýrustu sætin seld fyrst og því ráðlegt að bóka strax. Tryggðu þér lægsta fargjald til London, Kaupmannahafnar, Frankfurt Hahn, Berlínar og Alicante næsta vetur.

» Fyrstir koma, fyrstir fá! Bókaðu á www.icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.**

*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



NÚ ER
ÞAÐ ÖDYRT!

Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á frábæru verði.

NÝTT!

SETTU ÞAÐ SAMAN



RÁÐIÓNAÚST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

Soft Lud/KH



Opið í dag frá kl. 13-18!

ORMSSON

BEINN SÍMI Á SÖLUMENN: 530-2906 • 530-2907 • 530-2908